FRÉTTABLAÐIÐ

89. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 7. MAÍ 2021

20 ÁRA



Köfunaræfingar fóru fram í Reykjavíkurhöfn í gær. Um er að ræða fyrsta kafaranámskeiðið í þrjú ár á vegum slökkviliðsins, Landhelgisgæslunnar og ríkislögreglustjóra. „Við erum búnir að vera í krikanum hjá Hörpu síðan á mánudag og þeir hafa verið að æfa leitarkerfi og að nota ákveðin línumerki til þess að hafa samband hver við annan eða fá fyrirmæli frá yfirborðinu," útskýrir Guðjón Guðjónsson, aðstoðarvarðstjóri hjá Slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu og einn umsjónarmanna köfunarnámskeiðs í Reykjavíkurhöfn. Sjá síðu 2 FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Greiningargeta sýna nálgast þolmörk

Um þúsund ferðamenn eru væntanlegir til landsins á morgun. Biðin eftir niðurstöðu skimunar gæti lengst en veirudeild Landspítalans mun ekki ráða við álagið á stærstu dögum sumarsins að óbreyttu. Unnið er að næmisgreiningu til að móta megi viðbrögð.

COVID-19 Um þúsund komufarþegar eru bókaðir í þeim flugvélum sem væntanlegar eru til landsins á morgun og útlit er fyrir að flöskuháls myndist við greiningu PRC-prófa. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Landspítalinn ekki að óbreyttu anna þeim mikla fjölda greininga sem gera þarf miðað við væntanlegan fjölda ferðamanna.

„Aukning í straumi ferðamanna er hraðari en gert var ráð fyrir í þeim spám sem við vorum búin að fá í hendurnar," segir Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn almannavarna. Unnið er að greiningu á því hvernig bregðast megi við þá daga sem mest álag verður á landamærum í sumar.

„Það eru mjög margir áætlaðir á laugardaginn. Þetta er sá dagur sem hvað flestir hafa verið bókaðir hingað til. Við eigum eftir að sjá hve margir skila sér, þannig að það á eftir að koma í ljós hvað þarf að taka mörg sýni," segir Víðir og bætir við: „Það er alveg viðbúið að það komi dagar þar sem við förum alveg að efstu mörkum þess sem kerfið þolir."

Aðspurður um áhrif tafar á greiningu sýna segir Víðir að tíminn sem

Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn almannavarna.

fólk þurfi að bíða í sóttkví geti lengst. „Það er það sem fylgir því þegar koma svona toppar í komum til landsins að tíminn sem líður frá því þú kemur til landsins og þangað til þú færð niðurstöðu getur orðið langur."

Víðir segist þó ekki eiga von á að biðin verði lengri en 24 tímar. Á stærstu dögunum færist þau sýni sem ekki klárast samdægurs yfir á næsta dag. Sem dæmi sé sunnudagurinn rólegri en morgundagurinn.

Unnið er að næmisgreiningu um hvaða þætti þarf að endurskipuleggja og vinna með öðrum hætti en gert er í dag, til að bregðast við þessum aukna fjölda. „Við erum að skoða heildarmyndina; prófin, hvernig þau verða framkvæmd, hvort við hættum að prófa þá sem eru bólusettir, eða prófum þá með öðrum hætti, sýnatökugetuna, yfirferð yfir vottorðin og traffíkina á flugvellinum," segir Víðir.

Ljúka á þessari vinnu um helgina þannig að fyrir liggi strax eftir helgi hvaða daga sumarsins þurfi að bregðast við með einhverjum hætti.

„Þegar þú ert með svona flókið kerfi eins og á landamærunum er þetta ekki eitthvað sem þú breytir á einum degi. Sumt tekur sjö til fjórtán daga að breyta og fara í gegn," segir Víðir. Markmiðið sé að setja niður einhverjar vörður þar sem gera þurfi ráðstafanir á grundvelli bjartsýnustu spáa um komu ferðamanna. „Það er þá búið að gera það þegar þar að kemur." – aá



Gosið er enn vinsæll áfangastaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vilja prófa hraunvarnir

ELDGOS Prófanir á hraunrennslisvörnum í Meradölum út frá núverandi gosi í Geldingadölum eru nýttar til að afla reynslu og þekkingar á uppbyggingu varnargarða sem gæti þurft að byggja síðar til að verja mikilvæga innviði eða íbúðabyggð á Reykjanesskaga.

Björn Oddsson jarðeðlisfræðingur kom á fund bæjarráðs í vikunni til að fara yfir stöðu mála. Var lagt fram minnisblað frá Verkís, Eflu og Háskóla Íslands um prófanir á hraunrennslisvörnum.

Bæjarráð Grindavíkur leggur mikla áherslu á að þær aðstæður sem nú eru til staðar í Meradölum verði tafarlaust nýttar til að framkvæma prófanir á hraunrennslisvörnum að veittum tilskildum leyfum til framkvæmdanna, segir í fundargerð bæjarráðs. – bb

Hreiðurgerð á níundu hæð

Birni B. Berthelsen, íbúa í þjónustuíbúð í Furugerði 1, brá í brún þegar dóttir hans opnaði grillið hans á níundu hæð fyrir skömmu. Við blasti þrastarhreiður þar sem ljóst er að vandað hefur verið til verka. „Ég hef aldrei lent í svona. Ég var búinn að sjá fuglana þegar þeir voru að bera inn strá og svoleiðis," segir Björn. Fyrst komu fjögur egg og svo urðu þau sex. „Þetta eru greinilega duglegir fuglar," segir hann og hlær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Berjarunninn skal niður en þó án lokaúttektar

SKIPULAGSMÁL Borgarráð Reykjavíkur hafnaði í gær beiðni á breytingu á deiliskipulagi um þá kvöð íbúa að hafa berjarunna á sérafnotareit. Berjarunninn skal því fara niður. Sjálfstæðisflokkurinn lagði fram bókun þar sem bent er að forræðishyggjan birtist víða. „Þá vekur athygli að þótt ekki eigi að tryggja íbúum frelsi um ráðstöfun eigin garða, er ekki fyrirhugað að framkvæma lokaúttekt á sérafnotareitunum," segir í bókun flokksins.

Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi flokksins, spurði hverjar afleiðingarnar yrðu ef íbúar myndu hafa reitinn eins og þeir vildu. Svarið sem hún fékk var að ekki yrði framkvæmd lokaúttekt á umræddum sérafnotareitum. Aðrir íbúar gætu hins vegar kvartað til borgarinnar og þá yrði skilmálaeftirlitið sent á svæðið. „Þetta eru auðvitað fráleit afskipti af heimilum fólks. Kerfið verður að vera sveigjanlegt," segir Hildur hissa.

Guðmundur Helgi á heima í Vogabyggð í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins sem einnig er garðyrkjufræðingur, veit varla hvort hún eigi að hlæja eða gráta yfir þessari niðurstöðu. Í bókun hennar segir að þetta séu trúlega minnstu garðar í heimi þar sem verði að vera berjarunni til að gróðurþekjan og líffræðileg fjölbreytni á svæðinu haldi sér. „Það er ekki hægt að skálda svona vitleysu upp – en allt er greinilega hægt í Reykjavík." – bb

Læra köfun í höfninni er minnir á aspassúpu

Liðsmenn Landhelgisgæslunnar, slökkviliðsmenn og sérsveitarmenn eru nú við köfunaræfingar í Reykjavíkurhöfn. Þar þurfa kafararnir meðal annars að bjarga hver öðrum og leita að skrúfboltum í skyggni sem minnir á aspassúpu.

ÖRYGGISMÁL „Við erum ekki að rekast á neina fjársjóði en þeir fundu eitt hlaupahjól strákarnir," segir Guðjón Guðjónsson, aðstoðarvarðstjóri hjá Slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu og einn umsjónarmanna köfunarnámskeiðs í Reykjavíkurhöfn.

Um er að ræða fyrsta kafaranámskeiðið í þrjú ár á vegum slökkviliðsins, Landhelgisgæslunnar og ríkislögreglustjóra. Guðjón segir að á námskeiðinu séu stýrimaður og háseti frá Landhelgisgæslunni, tveir sérsveitarmenn frá ríkislögreglustjóra og sjö slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn. Fyrsti hlutinn hafi farið fram í Sundhöll Reykjavíkur þar sem mannskapurinn hafi kynnst kafarabúnaðinum í vernduðu umhverfi.

„Við erum búnir að vera í krikanum hjá Hörpu síðan á mánudag og þeir hafa verið að æfa leitarkerfi og að nota ákveðin línumerki til þess að hafa samband hver við annan eða fá fyrirmæli frá yfirborðinu," útskýrir Guðjón viðfangsefnin.

„Kafarar Landhelgisgæslunnar enda mest í því að sinna skipaþjónustu. Lögreglumennirnir enda meira í að rannsaka. Slökkviliðið er að nýta þetta til þess að teygja sjúkraflutningaþjónustuna niður í vatn og sjó," segir Guðjón. Menn með mismunandi bakgrunn sameinist í köfuninni og liðsinni hver öðrum. „Ef til að mynda verður stórt slys þá höfum við allir saman grunninn."

Að sögn Guðjóns fengu kafararnir smíðaverkefni neðansjávar í gær. „Þeir höfðu með sér hamar, nagla, sög og 3,6 metra langa spítu. Og upp kom kassi sem var sextíu sinnum sextíu," lýsir hann. Mjög frábrugðið sé að vinna verk á borð við þessi í vatni. „Þegar komið er í hálfgert þyngdarleysi þarf að beita sér allt, allt öðru vísi heldur en þegar staðið er í bílskúrnum heima hjá sér."



Skrefin tekin í átt að undirdjúpum Reykjavíkurhafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Reglan er sú að við sjáum nánast ekkert. Þá lokar maður bara oft augunum og vinnur með því að þreifa sig áfram.**
>
> Guðjón Guðjónsson, aðstoðarvarðstjóri hjá Slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu

Dagurinn í gær endaði á leitaræfingu. „Þeir voru að æfa björgun á kafara í vandræðum. Það gekk ljómandi vel," segir Guðjón.

Aðspurður kveður Guðjón skyggni í höfninni ekki upp á marga fiska. „Þetta er eins og aspassúpa, maður sér eiginlega ekki neitt. Maður kemur niður á botninn og þá þyrlast drullan í kring um mann og allt verður svart. Reglan er sú að við sjáum nánast ekkert. Þá lokar maður bara oft augunum og vinnur með því að þreifa sig áfram."

Námskeiðið heldur áfram í september. „Þá förum við að vinna í að láta þá kafa með lofti frá yfirborðinu þannig að þeir hafa lengri tíma til að vinna," segir Guðjón. Endað verði á því að kafa niður á fimmtíu metra frá varðskipi.

„Þeir eru að minnsta kosti ekki leiðir hérna strákarnir en eru kannski svolítið þreyttir," segir Guðjón þegar honum er bent á að æfingarnar líti út fyrir vera svolítið skemmtilegar. gar@frettabladid.is

Reykjavík

Íbúðauppbygging

Tækifæri fyrir húsnæðisfélög

Reykjavíkurborg leitar eftir aðilum sem hafa uppi áform um uppbyggingu húsnæðis án hagnaðarsjónarmiða í borginni á næstu tíu árum.

Bæði getur verið um að ræða aðila sem byggja húsnæði á grundvelli stofnframlaga Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar en einnig þá sem vinna án þeirra.

Vaxandi borg

Verkefnið er hluti af Græna plani Reykjavíkurborgar sem miðar að því að skapa græna, vaxandi borg fyrir fólk.

Efnahagsvídd Græna plansins gerir meðal annars ráð fyrir því að í borginni byggist árlega upp 1.000 íbúðir, þar af 250 íbúðir á vegum húsnæðisfélaga.

Við leitum að samstarfsaðilum

Reykjavíkurborg óskar eftir samstarfsaðilum vegna uppbyggingar húsnæðis án hagnaðarsjónarmiða. Niðurstöðurnar verða notaðar til þess að móta framtíðaráætlun um úthlutun lóða í borginni.

Óskað er eftir upplýsingum um eftirfarandi atriði:

- Framtíðarsýn aðila um uppbyggingu
- Möguleg verkefni í Reykjavík
- Fjöldi íbúða í hverju verkefni
- Reynslu af uppbyggingu hagkvæms húsnæðis
- Skipulag og samþykktir félagsins
- Fjárhagslega getu og fyrirhugaða fjármögnun
- Áætlaða tímalínu

Áhugasamir aðilar hafi samband við Reykjavíkurborg í síðasta lagi 26. maí með tölvupósti á netfangið athafnaborgin@reykjavik.is

Græna planið

Nánari upplýsingar á **reykjavik.is/husnaedisfelog**

Setja óvissustig á vegna rigningarleysis og mögulegra gróðurelda

UMHVERFISMÁL Ríkislögreglustjóri, í samráði við lögreglustjóra og slökkviliðsstjóra á Vesturlandi, höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Suðurlandi, hefur ákveðið að lýsa yfir óvissustigi vegna hættu á gróðureldum. Þetta segir í tilkynningu.

Svæðið sem um ræðir nær frá Eyjafjöllum að sunnanverðu Snæfellsnesi. Lítið hefur rignt á þessu svæði undanfarið og veðurspá á næstunni fyrir svæðið gerir ekki ráð fyrir úrkomu svo neinu nemi.

Eldurinn í Heiðmörk í vikunni fór um 61 hektara lands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skemmst er að minnast gróðurelda í Heiðmörk í vikunni. Skógræktarfélag Reykjavíkur sendi í gær frá sér tilkynningu þar sem segir að göngustígar og akvegir í Heiðmörk séu nú opnir gestum. Segir þar einnig að reykingar og hvers kyns meðferð elds eða eldfæra sé bönnuð í Heiðmörk á meðan jafn þurrt er í veðri.

Óvissustig í þessu samhengi þýðir að aukið eftirlit er haft með atburðarás sem gæti leitt til að heilsu og öryggi fólks, umhverfis eða byggðar verði ógnað. Að lýsa yfir óvissustigi er hluti af verkferlum almannavarna til að tryggja samskipti og upplýsingagjöf á milli viðbragðsaðila og almennings.

Almannavarnir hvetja almenning til að sýna aðgát með opinn eld á þessum svæðum þar sem gróður er þurr. Verði fólk vart við gróðureld er það beðið um að hringja strax í neyðarlínuna. **– oæg / þþ**

Árni Friðriksson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mæla síld fyrir austan landið

SJÁVARÚTVEGUR Rannsóknarskipið Árni Friðriksson lagði í gær af stað í leiðangur þar sem mæla á magn og útbreiðslu norsk-íslenskrar síldar og annarra uppsjávartegunda á hafsvæðinu á milli Íslands og Noregs, svonefndu Austurdjúpi og á Austur- og Norðausturmiðum. Jafnframt verður ástand hafs og vistkerfis kannað. Þetta kemur fram á vef Hafrannsóknastofnunar.

Leiðangurinn hefur verið farinn árlega síðan 1995 og verða niðurstöður hans nýttar við stofnmat og veiðiráðgjöf norsk-íslenska síldarstofnsins.

Auk Árna Friðrikssonar taka rannsóknarskip frá Noregi, Færeyjum, Danmörku og Rússlandi þátt í verkefninu. Áætlað er að leiðangurinn muni taka 20 daga. **– þþ**

Skólinn heitir Kvíslarskóli

MOSFELLSBÆR Nýjasti grunnskóli Mosfellsbæjar mun heita Kvíslarskóli en ákveðið var að efna til samkeppni um nafn á nýja skólann um miðjan mars. Góð þátttaka var í samkeppninni og alls bárust 68 tillögur að nýju nafni. Nafnanefndin setti sér starfsreglur og fundaðir tvisvar sinnum. Skólinn verður fyrir nemendur í 7. til 10. bekk

Nafn skólans var tilkynnt með formlegum hætti í gær í eldri deild Varmárskóla. **– bb**

Dómkvaddir matsmenn segja ísingu orsök Barkárdalsslyss

Matsmenn í bótamáli á hendur Arngrími Jóhannssyni og Sjóvá segja blöndungsísingu hafa leitt til þess að flugvél Arngríms brotlenti. Dóttir Kanadamanns sem lést í slysinu kveðst sannfærð um að koma hefði mátt í veg fyrir það. Aðalmeðferð í bótamálinu er áætluð í október, rúmum sex árum eftir að vélin fórst.

DÓMSMÁL „Sá langi tími sem málið hefur tekið hefur komið í veg fyrir að við fjölskyldan getum haldið áfram með líf okkar," segir Sarah Wagstaff, sem rekur dómsmál gegn Arngrími Jóhannssyni flugstjóra vegna andláts föður hennar í flugslysi með Arngrími.

Arngrímur brotlenti ferjuflugvél sinni í Barkárdal í Eyjafirði í ágúst 2015 og var þá á leið frá Akureyri til Keflavíkur. Með um borð var Kanadamaðurinn Grant Wagstaff sem Arngrímur hafði ráðið til að flytja vélina með sér vestur um haf og koma í hendur á nýjum eiganda. Við brotlendinguna kom upp eldur. Arngrímur náði að komast út úr vélinni en Grant lést.

Sarah Wagstaff höfðaði mál í nóvember 2019 gegn Arngrími og tryggingafélagi hans Sjóvá og krafðist bóta fyrir föður sinn. Það sama hafði Roslyn, ekkja Grants, gert áður fyrir sitt leyti og síðar yngri börn hennar tvö, Claire og Tyler. Samtals eru því rekin fjögur samhljóma dómsmál. Ekkjan er með einn lögmann en börnin þrjú leituðu annað og eru öll með sama lögmanninn.

Fyrirtaka var í málunum fjórum í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þar var ákveðið að aðalmeðferð þess færi fram í október, eftir fimm mánuði. Lögð hefur verið fram matsgerð tveggja sérfróðra matsmanna með svörum við tilteknum spurningum sem lögmenn málsaðilanna lögðu fyrir þá.

Meginniðurstaða matsmannanna er sú að orsök þess að flugvélin hrapaði hafi verið ísing í blöndungi. Þá hafna þeir þeirri niðurstöðu rannsóknarnefndar flugslysa að flugvélin hafi verið ofhlaðin og að ekki hafi verið skilyrði til sjónflugs þegar Arngrímur freistaði þess að fljúga upp yfir Tröllaskaga neðan úr Barkárdal eftir að hafa reynt fyrir sér í Öxnadal og Hörgárdal. Taldi rannsóknarnefndin mannlega þætti hafa átt þátt í slysinu auk blöndungsísingar.

Flak ferjuflugvélar Arngríms Jóhannssonar fannst í Barkárdal meira en átta klukkutímum eftir að hún lagði upp frá Akureyri. MYND/AÐSEND

Andstætt rannsóknarnefndinni telja matsmennirnir ekki hægt að skilgreina Grant Wagstaff sem flugmann um borð, eða Pilot Not Flying. Slíka skilgreiningu lagði Sjóvá einmitt til grundvallar þeirri ákvörðun fyrir þremur árum að greiða ekki bætur til fjölskyldu Grants þar sem tryggingin fyrir flugvélina hefði aðeins gert ráð fyrir einum flugmanni og síðan farþegum ef þeim væri til að dreifa.

„Ég er sannfærð um að koma hefði mátt í veg fyrir lát föður míns og að ákvarðanir og geta Arngríms til að hafa stjórn á fluginu við þessar fyrirsjáanlegu veðuraðstæður hafi á endanum leitt til þess að faðir minn lést," segir Sarah.

> **Við vonumst til þess að á næstu mánuðum geti dómarar á Íslandi komið til leiðar einhvers konar réttlæti fyrir fjölskyldu mína.**
>
> Sarah Wagstaff

Þá segist Sarah telja að Sjóvá hafi ranglega og á ósanngjarnan hátt skýlt sér á bak við þá skilgreiningu að faðir hennar hafi verið flugmaður um borð í vélinni þennan dag og þannig komið sér undan að taka á sig nokkra fjárhagslega ábyrgð.

„Við vonumst til þess að á næstu mánuðum geti dómarar á Íslandi komið til leiðar einhvers konar réttlæti fyrir fjölskyldu mína og vegna andláts föður míns þannig að við getum lagt málið að baki okkur," segir Sarah Wagstaff.

Áður en til aðalmeðferðar kemur í haust þarf að finna sérfróðan meðdómara sem sest þá í dóminn ásamt tveimur héraðsdómurum.

gar@frettabladid.is

Vilja að fangar fái líka ferðagjöfina

SAMFÉLAG Fangar gátu ekki nýtt sér ferðagjöf stjórnvalda í fyrra og líkur eru á að sú verði einnig raunin í ár. Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu – félags fanga, segir leitt að stór hópur líkt og fangar geti ekki nýtt sér sama kost og aðrir.

„Þeir hafa bara ekki tækifæri á að komast í hana og nota hana. Það er vegna þess að þeir eru ekki með snjallsíma. Þeir eru ekki með rafræn skilríki," segir Guðmundur.

„Þeir eru ekki með internet og þeir eru ekki með neina verslun til að taka á móti því. Ekki nema þá bara verslanirnar í fangelsunum en þær hafa auðvitað ekki verið að taka á móti þessu."

Þórdís Kolbrún Gylfadóttir ferðamálaráðherra sagði í síðasta mánuði að til stæði að kynna ferðagjöfina að nýju í ár. Í fyrra var um að ræða 5.000 króna upphæð sem landsmenn gátu sótt sér í sérstakt smáforrit með rafrænum skilríkjum. Þórdís hafði ekki svarað fyrirspurn Fréttablaðsins vegna málsins fyrir birtingu þessarar fréttar.

Fangar á Litla-Hrauni fá ekki ferðagjöf stjórnvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Það er náttúrulega mjög mikilvægt að allir fái að nýta þetta. Fangar eru alveg jafn mikið að líða fyrir Covid og hver annar," segir Guðmundur. Málið hafi verið rætt við fangelsisyfirvöld en útfærslan og hver sjái um hana talið flókið mál.

Hefur Afstaða meðal annars sent Island.is og Ferðamálastofu erindi vegna málsins til að finna lausnir á því. Segir félagið að hægt væri að hafa sérstakan síma til verksins, þar sem fangar kæmust inn á Island.is með Íslykli og smáforriti komið fyrir í verslunum fangelsa svo þær geti tekið á móti gjöfinni. **– oæg**

HÖNNUN GETUR BREYTT HEIMINUM

100% RAFMAGNAÐUR MINI
FRUMSÝNING Á MORGUN FRÁ 12–16

Við frumsýnum nýjan, rafmagnaðan MINI Cooper. Það er ekki bara mótorinn sem er rafmagnaður, útlitið sendir þægilegan straum um taugakerfið og skilningarvitin. Þú bæði sérð og finnur MINI.

MINI COOPER SE. LANGTÍMALEIGA: 96.890 KR. Á MÁNUÐI
VERÐ: 5.190.000 KR.

MINI

BL

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

www.mini.is

ENNEMM / SÍA / NM00547

Samgöngur losa rúman helming af gróðurhúsalofttegundum.

Bílasamgöngur menga mest

MENGUN Samgöngur eru langstærsti einstaki losunarvaldurinn á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt skýrslu Umhverfisráðgjafar Íslands, sem nefnist Environice, fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Sveitarfélögin hafa verið með skýrsluna til umfjöllunar að undanförnu.

Þar segir að rúmur helmingur allrar losunar komi frá vegasamgöngum, eða 52 prósent, en samgöngur á sjó, flutnings- og fiskiskip koma þar skammt á eftir. Flug er aðeins með þrjú prósent af losun.

Í skýrslunni segir enn fremur að útreikningar á kolefnisspori geti aldrei orðið 100 prósent réttir eða óvéfengjanlegir, enda skorti enn töluvert á vísindalega þekkingu á veigamiklum þáttum í kolefnisbúskapnum. Útreikningarnir gefi þó mikilvægar vísbendingar. **– bb**

Aukin umsvif hjá Icelandair

FLUGSAMGÖNGUR „Við finnum fyrir miklum áhuga erlendra ferðamanna á Íslandi, sérstaklega frá Bandaríkjunum. Þar hafa söluherferðir okkar gengið vel. Við bindum jafnframt vonir við að Evrópa muni taka við sér fljótlega með sama hætti," segir Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group en flutningatölur fyrir apríl voru birtar í gær. Fraktflutningar jukust á milli ára sem og fjöldi farþega í innanlandsflugi.

Farþegafjöldi í apríl rúmlega fimmfaldaðist frá sama mánuði í fyrra.

Heildarfjöldi farþega í millilandaflugi var um 8.900 í apríl en var um 1.700 í sama mánuði í fyrra. Fjöldi farþega til Íslands í apríl var um 5.500 manns. Þá jukust fraktflutningar félagsins um 50 prósent á milli ára í aprílmánuði. **– bb**

Gleyma gagnrýnni hugsun

Fjöldi kvenna hefur tjáð sig á samfélagsmiðlum undanfarna daga um afleiðingar þess að segja frá kynferðisofbeldi. Prófessor í félagsfræði segir sérstakt að taka afstöðu til mála sem fólk viti ekkert um.

SAMFÉLAG Síðastliðinn sólarhring hefur fjöldi kvenna stigið fram og opnað sig um kynferðisofbeldi sem þær hafa orðið fyrir og hvernig afleiðingar þess að segja frá því hafi verið. Þetta kemur til vegna samfélagsumræðu um Sölva Tryggvason og konurnar sem hafa kært hann til lögreglu vegna ofbeldis.

Umræðan hefur að miklu leyti farið fram á samfélagsmiðlum og lýsa margir því að viðbrögð almennings við ásökunum á hendur Sölva séu lýsandi fyrir ástandið í samfélaginu, sem einkennist að þeirra mati af gerendameðvirkni. Það hefur vakið athygli margra Twitter-notenda að margir virðist finna meira til með Sölva en konunum sem hafa lagt fram kæru á hendur honum.

Ingólfur Gíslason, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, segir það ekki óalgengt að umræða sem þessi skapist þegar slík mál komi upp, sér í lagi þegar þekktir einstaklingar eigi í hlut. „Þegar um þekktan einstakling er að ræða gerist það kannski sérstaklega að fólk taki afstöðu með eða á móti einfaldlega vegna þess að þannig komist það sjálft í sviðsljósið," segir Ingólfur en leggur sérstaka áherslu á að hann kjósi að tjá sig ekki um mál Sölva sérstaklega.

„Það er mjög sérstök þörf að vilja taka afstöðu til einhvers sem maður veit ekkert um og oft verður til í samfélaginu gífurleg hystería í svona aðstæðum," segir Ingólfur. „Sem dæmi má nefna málið um hundinn Lúkas," segir Ingólfur og vísar þar í mál frá árinu 2007 þegar hundurinn Lúkas hvarf á Akureyri. Upp spratt saga um að hundinum hefði verið komið fyrir í íþróttatösku og hann drepinn. Hann fannst lifandi nokkrum vikum síðar.

Ungur maður var grunaður um verknaðinn, hann var ofsóttur og honum voru sendar morðhótanir. Þá voru haldnar kertafleytingar og minningarathafnir fyrir Lúkas, sem þó var á lífi. Þetta segir Ingólfur dæmi um það þegar fólk tekur afstöðu til mála sem það hafi ekki nægar upplýsingar um. „Þarna er fólk bara að gefa frá sér gagnrýna hugsun."

Umræðan síðustu daga hefur komið af stað nýrri byltingu reynslusagna með myllumerkinu #MeToo þar sem konur lýsa reynslu sinni af því að segja frá kynferðisofbeldi. Algengustu viðbrögðin virðast vera vantrú, gaslýsing og að gert sé lítið úr reynslu kvennanna.

Ingólfur segur #MeToo, Free the nipple og Druslugönguna hafa haft varanleg samfélagsleg áhrif. Þau sjáist meðal annars á því hversu fljótt umræðan varð hávær síðustu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Það er óraunhæf krafa að brotaþolar eigi að opinbera sig líkt og þær hafi gert eitthvað rangt.

Steinunn Gyðu og Guðjónsdóttir, talskona Stígamóta

Breytingin hvílir í því að allar þessar hreyfingar hafa hvatt konur til að tala og segja frá.

Ingólfur V. Gíslason, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands

#MeToo-byltingin var áberandi í samfélaginu upp úr árinu 2017. Ingólfur segist telja líklegt að sú byltingu, ásamt Free the nipple og Druslugöngunni hafi haft varanleg samfélagsleg áhrif. Þau sjáist meðal annars á því hversu fljótt umræðan varð hávær síðustu daga, áður hefði verið líklegra að henni hefði verið „sópað undir teppið".

Ingólfur segir rannsóknir benda til þess að eftir #MeToo séu konur líklegri til að segja frá verði þær fyrir ofbeldi. „Það er óskaplega bjartsýnt að reikna með því að svona bylting losi okkur við þetta en dropinn holar steininn," segir hann.

„Konur segja frekar frá, þær sætta sig síður við og eru ólíklegri til að festast í ofbeldissambandi. Breytingin hvílir í því að allar þessar hreyfingar hafa hvatt konur til að tala og segja frá, og sjá að þær séu ekki einar," bætir Ingólfur við.

Steinunn Gyðu og Guðjónsdóttir, talskona Stígamóta, segir umræðu líkt og þá sem skapast hefur síðustu daga geta verið afar erfiða fyrir þolendur ofbeldis. „Það að heyra þessa orðræðu úti um allt getur orðið til þess að þolendur endurupplifi það ofbeldi sem þau urðu fyrir."

Þá segir Steinunn einnig að á samfélagsmiðlum hafi verið uppi ósanngjörn krafa til kvenna sem kært hafi ofbeldi um að koma fram undir nafni. „Það er óraunhæf krafa að brotaþolar eigi að opinbera sig líkt og þær hafi gert eitthvað rangt."

birnadrofn@frettabladid.is

Hafnarfjörður snyrtir Sörla

HAFNARFJÖRÐUR Hestamannafélagið Sörli í Hafnarfirði ætlar að halda 1.200 manna hestamannamót um miðjan júlí þegar Íslandsmót barna og unglinga fer fram. Hestamannafélagið sendi bænum bréf í lok apríl þar sem það fór fram á að bærinn fjölgaði stöðugildum sumarstarfsfólks sem fær vinnu við að fegra svæðið. Slá lúpínu, sinna viðhaldi valla, málun og fleiru. „Ljóst er að gera þarf ýmislegt á svæðinu til að það líti sem best út og verði Sörla og íþróttastarfi í Hafnarfjarðarbæ til sóma," segir í bréfinu.

Þá er óskað eftir stuðningi við framkvæmdir við velli og keppnisbraut í formi áhalda og tækja sem bærinn á. Sörli er með ólöglegan keppnisvöll og skeiðbrautin skapar nú ákveðna slysahættu.

Einnig vill Sörli ráða starfsmann fram að Íslandsmóti til að sinna kynningu og markaðsstarfi og samstarf við fjölmiðla og gefa út mótsblað. Starfsmaðurinn á einnig að vera eins konar framkvæmdastjóri í samstarfi við starfshóp sem Sörli ætlar að skipa. Leggur félagið til að þetta verði námsmaður í háskóla.

Sörli vill halda glæsilegt Íslandsmót barna og unglinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sörli býst við 300 keppendum og 3-5 með hverjum keppanda og vill fá að bjóða þeim í sund í bænum og að lokum óskar félagið eftir að taka fyrstu skóflustungu að nýrri reiðhöll á opnunarhátíðinni. **– bb**

Gleðilegt sumar!

Á MÚRBÚÐARVERÐI

BRIGGS & STRATTON ®

Hagmans Premium palla- / viðarolía 3L

2.595

48.985

MOWER CJ18

BS 3,5hp Briggs&Stratton mótor, rúmtak 125 CC, skurðarvídd 46cm/18". Safnpoki að aftan 60 L, skurðhæð og staða 25-80mm/10

69.995

MOWER CJ20G

Sláttuvél m/drifi, Briggs&Stratton mótor, rúmtak 150CC, skurðarvídd 51cm 20" Safnpoki að aftan 65L, hliðarútskilun. Skurðhæð og staða 25-75mm/8

ODEN þekjandi viðarvörn 0,9 L

2.695

2,7Lz kr. **6.695**

79.995

MOWER CJ20

Sláttuvél m/drifi, BS 6,0 hp Briggs&Stratton mótor. Rúmtak 163 CC, skurðarvídd 53cm/21", sjálfknúin 3,4 km/klst., safnpoki að aftan 70 L, hliðar útskilun, skurðhæð og staða 25-80mm/8

Sláttuorf: 1cylinder loftkældur mótor. 0,7 kW Rúmtak 31CC, Stærð bensíntanks 0,65 L

29.895

Sláttuorf Mow FBC310

Garðkanna 5 L

1.395

Garðkanna 10 L kr. **1.895**

Pretul Laufhrífa

695

Steypugljái á stéttina – þessi sem endist

Öflugar hjólbörur 90 lítra

8.995

Hjólbörur 80L

4.295

Portúgölsku leirpottarnir eru komnir

Mikið úrval

Blákorn 5 kg

1.685

10 kg **2.635**

Gróðurmold 20 l.

645

40 l kr. 1.095

Grasfræ 1 kg

1.335

Bíla & gluggaþvotta-kústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun

2.995

Bíla/glugga þvottakústur 3 metrar

3.999

Weber staurasteypa

Þyngd: 15kg

Verð: **995** kr

Lækkaðu kostnaðinn við pallasmíðina. Betra verð á A4 pallaskrúfum, vinklum og staurasteypu.

Mikið úrval af Domax vinklum fyrir pallasmíðina – frábært verð!

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
	Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is	

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Fellum grímuna

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Í upphafi heimsfaraldurs virtist skynsemi og meðalhóf ætla að ráða för hér á landi. Síðan þá hefur sú fornkveðna regla hins vegar orðið æ meira ríkjandi, að erfiðara virðist fyrir stjórnlynd stjórnvöld – ekki bara á Íslandi heldur í flestum öðrum ríkjum heims – að fara til baka þegar höft hafa einu sinni verið sett á. Framan af, þegar stjórnvöld og sóttvarnayfirvöld lögðu á það áherslu að frelsisskerðandi takmarkanir ættu ekki að vera meiri en ástæða væri til hverju sinni, var ekki talin ástæða til að fylgja ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um grímunotkun í fjölmenni og fullyrt að þær virkuðu ekki. Síðar breyttist sú afstaða, meðal annars að sögn vegna vísbendinga um að helsta smitleið veirunnar væri loftsmit fremur en snerting.

Þegar leið á faraldurinn fóru stjórnvöld því að fikra sig að frekari grímunotkun. Fyrst þar sem ekki væri hægt að halda fjarlægð, en þegar smit voru í hámarki í svonefndri þriðju bylgju síðastliðið haust – sem var auðvitað í raun önnur bylgjan – var sett á almenn og íþyngjandi regla um grímunotkun sem enn í dag hefur haldist óbreytt. Sú ákvörðun að grípa til víðtækrar grímuskyldu kom líklega ekki síst til vegna þrýstings og ótta, fremur en endilega af vísindalegum ástæðum. Eflaust trúa því fáir í dag að notkun andlitsgríma, óháð því hvort hægt sé að tryggja tveggja metra fjarlægð milli fólks, breyti nokkru um útbreiðslu faraldursins hér á landi. Í stað þess að vera þýðingarmikil sóttvarnaráðstöfun er hún frekar orðin að einhvers konar táknmynd þess að fólk skuli á þessum leiðinlegu tímum hlýða gagnrýnislaust eins og hundar – og grímunotkun sé því áminning um hvernig við eigum að haga okkur við hin ýmsu tækifæri. Það er staða sem má ekki festast í sessi.

Í lok síðasta mánaðar kynntu stjórnvöld afléttingaráætlun, vörðurnar fjórar, sem tengja afléttingu takmarkana innanlands við markmið um bólusetningu. Það var stórt skref og sendir þau mikilvægu skilaboð að eðlilegt líf sé handan við hornið. Þannig er meðal annars áætlað að þegar helmingur þjóðarinnar hefur fengið fyrri sprautuna, í lok maí, megi allt að þúsund manns koma saman og nálægðarregla verði færð niður í einn metra. Í seinni hluta júní, þegar 75 prósent hafa fengið bólusetningu, standi síðan til að afnema allar takmarkanir. Það sem sætir hins vegar furðu er að sóttvarnalæknir, sem heilt yfir hefur staðið vel í erfiðu hlutverki, segir að engar áætlanir séu á sama tíma til staðar um afléttingu grímuskyldunnar.

Nú er faraldurinn ekki aðeins í rénun heldur er búið að bólusetja bókstaflega alla þá sem eru í áhættuhópi, og mun fleiri til. Samt ráfar fólk enn um ganga stórverslana með grímu, langt frá næsta manni, af því að reglurnar segja það, en ekki af því að það þjóni neinum raunverulegum tilgangi. Það er eins og gleymst hafi að fella niður þessi höft, því aðstæður eru allt, allt aðrar en þegar þau voru sett á. Nú skín sólin, landið er tekið að rísa og stjórnvöld hafa lofað verulegum tilslökunum innanlands. Væri ekki eðlilegt, og ekki síst táknrænt, að fella niður grímuskyldu í næstu afléttingum, sem skammt eru undan, og sýna það í orði og á borði að samstaða þjóðarinnar hefur skilað árangri og að nú sé það versta yfirstaðið – og vel það?

Samt ráfar fólk enn um ganga stórverslana með grímu, langt frá næsta manni, af því að reglurnar segja það.

Halldór

Frá degi til dags

Opinberun Hannesar

Allt sæmilega vel lesið og upplýst fólk veit að talan 42 geymir svarið við hinni endanlegu spurningu um lífið, alheiminn og allt. Þetta er þó afstætt eins og kristallaðist í því hvernig andstæðuparið frjálshyggjuprófessorinn Hannes Hólmsteinn Gissurarson og sósíalistinn Gunnar Smári Egilsson minntust þess á Facebook að á þriðjudaginn voru liðin 42 ár síðan Margrét Thatcher varð forsætisráðherra Bretlands. „Þá urðu tímamót. Bretland reis úr dái. Hér er hún 1993 með Davíð Oddssyni, sem gerði svipaða byltingu á Íslandi og hún í Bretlandi," skrifaði Hannes.

Sósíalískur draugabani

Hjá Gunnari Smára kvað við allt annan tón en í annálum hans byrjaði Thatcher eftir þann 4. maí 1979 að „innleiða þar lausnir nýfrjálshyggjunnar; brjóta niður samtök almennings, einkavæða og útvista opinberri þjónustu, selja almannaeigur, lækka skatta á hin ríku, skera niður velferðarkerfið, auka álögur á vinnandi fólk, lækka örorku-, elli- og barnabætur og brjóta samfélagið niður með öðrum hætti." Þá bætir Smári við að þótt hugmyndastefna Margrétar sé „komin á ruslahaug sögunnar" þá velli hún áfram á Íslandi eins og afturgenginn draugur, sálarlaus og grimmur."

toti@frettabladid.is

Við erum tilbúin

Kolbeinn Óttarsson Proppé
þingmaður Vinstri grænna

Við höfum okkar skýru hugsjónir og stefnu.

Landsfundur Vinstri grænna hefst í dag og það er óhætt að segja að bjart sé yfir þeim fundi. Hreyfingin hefur leitt ríkisstjórn á einhverjum mestu umbrotatímum í sögu okkar og farist svo vel úr hendi að eftir er tekið. Fjöldi fólks vill verða fulltrúi hreyfingarinnar á Alþingi og gefur kost á sér í forvölum og nýir félagar hópast að.

Skyldi engan undra. Undir forystu okkar höfum við komið á umbótamálum. Þriggja þrepa skattkerfi sem léttir undir með þeim lægst launuðu og stuðlar betur að jöfnuði fest í sessi. Aðkoma ríkisins að lífskjarasamningunum tryggð. Uppbygging heilsugæslunnar og samþykkt geðheilbrigðisáætlun. Mikilvæg náttúrusvæði friðlýst og stór skref stigin í að draga úr losun. Fjölmörg þjóðþrifamál hafa raungerst á þessu kjörtímabili.

Þá hefur Vinstrihreyfingin – grænt framboð sýnt hve vel hún er fallin til að leiða ríkisstjórn. Við erum tilbúin til þess að gera það áfram. Við höfum okkar skýru hugsjónir og stefnu, erum ekki í vandræðum með eigin sjálfsmynd, getum því full sjálfstrausts komið inn í samstarf með öðrum flokkum á okkar eigin forsendum. Sýnum ábyrgð þegar kemur að því að leiða mál til lykta.

Ég fór fyrst á landsfund hjá VG í árdaga hreyfingarinnar, gekk í hana strax í upphafi. Þá einkenndi spenningur og nýjabrum okkur öll; við vorum laus undan eilífu þvargi um leiðir og form, gátum farið að ræða markmið og stefnu. Ég skynja sama spenning núna og að einhverju leyti sama nýjabrum. Við eigum forsætisráðherra sem er langöflugasti stjórnmálamaður landsins og meirihluti landsmanna er sammála okkur um að eigi að vera forsætisráðherra áfram.

Ég hlakka til landsfundarins. Sjálfur hef ég, sem annar hópstjóra, unnið að stefnu um loftslagsmál og náttúru. Mest hlakka ég samt til að hlusta á félagana. Stjórnmálaflokkar eru nefnilega samfélög þar sem hver rödd skiptir máli. Alþingismenn hafa það þjónandi hlutverk að hlýða á þær raddir.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Dagar Bidens

Í DAG

Guðmundur Steingrímsson

Í vikunni gerðust þau tímamót sem gjarnan eru eftirtektarverð í lífi stjórnmálafólks, að forseti Bandaríkjanna, Joe Biden, hefur verið 100 daga í embætti. Áður fyrr var jafnan talað um það, að fyrstu 100 dagarnir í embætti væru einhvers konar brúðkaupsferð. Enska hugtakið „honeymoon“ nær þeirri pælingu reyndar aðeins betur, í örlítilli mótsögn við þau vísuorð Einars Benediktssonar að til séu á íslensku orð yfir allt sem er hugsað á jörðu, en hvað um það. Í þessa 100 daga eiga nýkjörnir leiðtogar að njóta vafans og fá næði frá fjölmiðlum og öðrum gagnrýnisöflum til að skipuleggja sig. Að þeim dögum liðnum á fólk að vera tilbúið í slaginn, og koma endurnært og hresst inn í þjóðfélagserilinn, með ráð undir rifi hverju og plön við flestu.

Þessi nálgun hefur almennt látið undan síga. Eins og stjórnmálin eru orðin, og út af því hvað hraði umræðunnar hefur færst mjög í vöxt — svo ekki sé talað um krísurnar sem jafnan dynja á þjóðfélögunum — er enginn tími fyrir einhverja 100 daga afslöppun í upphafi valdatíðar. Allt þarf að ganga upp frá fyrstu mínútu, sérstaklega þegar tekið er við taumunum í miðjum heimsfaraldri og eftir að stjórnuvitlaus forveri hefur hvatt til uppreisnar með lygum og þvættingi.

Áður fyrr var jafnan talað um það, að fyrstu 100 dagarnir í embætti væru einhvers konar brúðkaupsferð.

Margir héldu að Biden væri afskaplega óáhugavert gamalmenni sem ætti ekkert erindi í þennan valdastól. Þess gætti að gert væri grín að stami hans og mismælum. Að fylgjast með upphafsdögum þessa reynslubolta, og hversu magnaðir þeir dagar hafa verið, hefur af þessum sökum verið einstaklega endurnærandi, umhugsunarvert og frískandi. Joe Biden hefur sýnt heimsbyggðinni að það er hægt að taka réttar ákvarðanir í pólitík, að pólitík skiptir óendanlega miklu máli og það eru til pólitíkusar sem eru ekki í stjórnmálum einungis til að sigra í leðjuslögum og gera fólk þunglynt. Auðvitað er allt umdeilanlegt. Sumir vilja fara aðrar leiðir, gefa meira í eða vilja hnika til áherslum. Það er eðlilegt. Stóru fréttirnar eru engu að síður glimrandi. Tiltekið tíst á Twitter var lýsandi við upphaf forsetatíðar Bidens, frá evrópskum loftslagsvísindamanni til bandarískra kollega. Það var einfaldlega svona: „Veriði velkomin aftur“. Það var eins og öll vísindaakademía Bandaríkjanna, eins mikilvæg og hún er heimsbyggðinni allri, hefði verið endurheimt úr tímaferðalagi til miðalda, þar sem hún húkti í dýflissum með skinnpjötlu á höfði. Nú var hún aftur á meðal okkar. Á tímum þegar veröldin þarf á þekkingu og vísindum að halda, sem aldrei fyrr, er ekki nokkur leið að vanmeta þýðingu þess að fólk fyrir vestan fái loksins að sýna hvað í því býr, taka þátt í að leysa vandamál heimsins, án þess að forseti þjóðarinnar brjálist í hástöfum. Það skiptir máli hver stjórnar.

Um Biden hefur verið sagt, að hann sé þannig gerður að hann líti aldrei svo á að hann sé klárasta manneskjan í herberginu. Þetta er mikilvægt. Margir hafa þá trú að það sé mjög áríðandi að vera klárastur í öllum herbergjum. Biden hins vegar ku hlusta á aðra, sem eru klárari en hann. Á hitt hefur einnig verið bent, að Biden er ekki mikill kreddukarl. Hann er þess vegna reiðubúinn að hlýða á lausnir, án þess að fyllast bræði yfir því að lausnin kunni mögu-leika ekki endilega að samrýmast einhvers konar fyrir fram mótuðu hugtakakerfi hans. Hann er ekki í keppni í því að hafa rétt fyrir sér, eins og sumir segja að háð hafi vinstri mönnum á Íslandi um langt skeið, heldur virðist Biden raunverulega keppa að árangri, fyrir samfélagið. Persónuleg áföll hans og bakgrunnur gerir það að verkum að hann virðist einlæglega hafa áhuga á því að bæta líf fólks og hjálpa því upp úr efnahagslegum ömurleika. Ákvarðanirnar á fyrstu 100 dögunum eru sem vel samin tónlist: Bandaríkin ætla að

Biden skorar á hólm sjálfa ofurkredduna sem grasserað hefur í Bandaríkjunum allt frá Ronald Reagan ... um að ríkið sé hið illa.

taka á loftslagsmálunum, það á að byggja upp græna innviði, byggja íbúðir handa fólki, skattleggja hina ofurríku og nú síðast, í vikunni, lýsti Bandaríkjastjórn því yfir að hún styddi hugmyndir um að framleiðsla á bóluefni við Covid-19 yrði ekki bundin einkaleyfi. Það yrði stórbrotið fyrir fátækustu ríki heims.

Breytt mynd blasir við. Kærkomin skynsemisbylgja fer nú um veröldina. Biden skorar á hólm sjálfa ofurkredduna sem grasserað hefur í Bandaríkjunum allt frá Ronald Reagan með tilheyrandi smitáhrifum til annarra þjóða, um að ríkið sé hið illa. Það er fásinna. Sé ríkinu, í lýðræðislegu umboði, beitt rétt er ríkið grundvallarkraftur sem getur umbreytt þjóðfélögum til meiri skynsemi, réttlætis, frumkvæðis og farsældar.

Megi hann stama, mismæla sig og hrasa í flugvélastigum sem lengst þessi maður. Af kláru fólki á heimsbyggðin blessunarlega aragrúa. Til að leiða þarf gott fólk.

SANNGJÖRN SKIPTING
SJÁVAR-
AUÐLINDARINNAR?
SANNGIRNI SKIPTIR MÁLI

HLUTUR ÞJÓÐARINNAR

HLUTUR ÚTGERÐANNA

Frumvarp forsætisráðherra um breytingar á stjórnarskrá færir útgerðunum ótímabundinn ráðstöfunarrétt á fiskimiðunum.

Einföld breyting á frumvarpinu um að greiða eigi fullt gjald fyrir tímabundin afnot af auðlindunum tryggir greiðslu til þjóðarinnar.

HVAÐ ÆTLAR FLOKKURINN ÞINN AÐ GERA?

LÁTTU ÞIG MÁLIÐ VARÐA!
www.þjóðareign.is

Fundum vel hversu stoltið var mikið

Hugrún Pálsdóttir skoraði fyrsta mark Tindastóls í efstu deild kvenna í knattspyrnu í sögu félagsins í miðri viku. Hugrún segir það hafa tekið tíma fyrir hana að átta sig á því að draumurinn væri orðinn að veruleika. Hún segir það hafa verið súrsætt að gera jafntefli.

FÓTBOLTI Það var sögulegur leikur sem spilaður var á Sauðárkróki á miðvikudagskvöldið. Þá mætti Þróttur í heimsókn í fyrsta leik Tindastóls í sögunni í efstu deild kvenna í knattspyrnu.

Hugrún Pálsdóttir skoraði tímamótamark fyrir Tindastól þegar hún kom liðinu yfir í leiknum en því miður fyrir heimakonur náðu gestirnir að jafna metin með marki sínu beint úr aukaspyrnu í uppbótartíma leiksins.

„Eftirvæntingin fyrir þessum leik var mjög mikil og það var mikil spenna í leikmannahópnum, ég get alveg viðurkennt það. Það minnkaði ekki spennuna að sjá að bæjarbúar voru margir hverjir búnir að flagga á leikdegi og maður fann alveg fyrir hversu mikið stolt var í bænum yfir að við værum að fara að spila í efstu deild í fyrsta skipti," segir Hugrún um aðdraganda leiksins.

„Við pössuðum samt alveg upp á að draga andann djúpt áður en kom að leiknum og mér fannst spennustigið bara fínt þegar út í leikinn var komið. Við minntum okkur á það að við værum að fara út í fyrsta leik af mörgum og Þróttur væri lið sem við hefðum mætt áður með fínum árangri. Þannig að mér fannst við bara vel stilltar þrátt fyrir að það væri auðvitað smá hrollur í okkur," segir hún enn fremur.

„Það hjálpar okkur líka að við erum með sama kjarna og hefur farið upp um deildir síðustu ár og leikmannahópurinn er svipaður og í fyrra. Það er gríðarlega góð liðsheild í þessum hóp og ég held að það vinni með okkur að það eru sömu lykilleikmenn í liðinu og sáu um að koma okkur upp um deildir.

Auðvitað gerum við okkur grein fyrir því að við þurfum bæði að bæta okkur sem eru fyrir og styrkja okkur til þess að festa okkur í sessi í þessari deild sem er klárlega markmiðið," segir Hugrún sem hefur allan sinn feril leikið með Tindastóli.

„Að ná að skora í þessum leik var mögnuð tilfinning og ég trúði því eiginlega að þetta væri að gerast fyrst eftir að ég horfði á eftir boltanum fara í netið. Það tók smá tíma að fatta að þetta væri að gerast og ég áttaði mig eiginlega ekki á því að þetta væri veruleikinn fyrr en við vorum byrjaðar að fagna markinu.

Það var súrsæt tilfinning inni í klefa eftir leik. Við erum ánægðar með að vera komnar á blað og það er þægilegt að fá staðfestingu á því sem við vorum nokkuð viss á fyrir þennan leik að við eigum klárlega heima í þessari deild.

Í þeirri stöðu sem var komin upp vildum við að sjálfsögðu fá þrjú stig og við vorum búnar að halda þeim vel í skefjum fram að markinu sem kom úr bara virkilega góðu skoti beint úr aukaspyrnu. Það var ekkert við markinu að gera en það var mjög svekkjandi að ná ekki að halda út.

Mér finnst jákvætt að stemmingin inni í klefa var sú að við vorum pirraðar að hafa ekki unnið og við getum tekið þann pirring með okkur í næstu verkefni. Við náðum ekki að spila á okkar sterkasta liði í æfingaleikjunum fyrir þennan leik og vorum að spila með alla okkur sterkustu leikmenn í fyrsta sinn í langan tíma.

Þeir leikmenn sem voru tæpir vegna meiðsla fyrir leikinn verða sterkari í næsta leik og svo er aldrei að vita hvort þjálfararnir séu að vinna í að styrkja liðið enn frekar. Það kemur bara í ljós," segir þessi 24 ára gamli leikmaður.

Næsti leikur Tindastóls er á móti Fylki í Árbænum á þriðjudaginn kemur. **hjorvaro@frettabladid.is**

Leikmenn Tindastóls fagna sögulegu marki Hugrúnar Pálsdóttur í leiknum. MYND/ÓLI ARNAR

> **Það minnkaði ekki spennuna að sjá að bæjarbúar voru margir hverjir búnir að flagga á leikdegi.**
>
> Hugrún Pálsdóttir

Ársfundur SL lífeyrissjóðs 2021

Fimmtudaginn 20. maí 2021 kl. 16.30

Fundurinn er rafrænn og verður streymt, sjá slóðina **www.sl.is**
Ef sóttvarnarreglur leyfa, eru fundargestir velkomnir á fundarstað á **Hilton Reykjavík Nordica**, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík

DAGSKRÁ

1. Fundur settur
2. Skýrsla stjórnar
3. Gerð grein fyrir ársreikningi
4. Tryggingafræðileg úttekt
5. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt
6. Önnur mál

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðendur sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum.

Hægt verður að senda spurningar á meðan á fundinum stendur á tölvupóstfangið **sl@sl.is**

Reykjavík 20.05.2021
Stjórn SL lífeyrissjóðs

SL lífeyrissjóður

Íslenska liðið mætir Erlingi á EM í janúar

HANDBOLTI Íslenska karlalandsliðið í handbolta mun leika í riðli með Portúgal, Ungverjalandi og Hollandi í lokakeppni Evrópumótsins sem fram fer í Slóvakíu og Ungverjalandi í janúar á næsta ári.

Hollenska liðið leikur undir stjórn Erlings Richardssonar, þjálfara karlaliðs ÍBV. Hætt hefur verið við fyrirhugaða æfingaleiki Hollands við Ísland í aðdraganda lokamótsins.

> **Ísland mætir gestgjöfunum, Ungverjalandi, Portúgal og Hollandi í lokakeppni EM 2022.**

Ísland var í þriðja styrkleikaflokki ásamt Frökkum, Slóvökum, Hvít-Rússum, Tékkum og Norður Makedóníu þegar dregið var í riðlana á mótinu í dag.

Alfreð Gíslason og lærisveinar hans hjá Þýskalandi etja kappi við Austurríki, Hvíta-Rússland og Pólland. Riðill Íslands verður leikinn í New Budapest-höllinni í Búdapest en hún tekur um það bil 20.000 manns í sæti. Mótið fer fram dagana 11. til 31. janúar en leikjaniðröðun íslenska liðsins í riðlinum er eftirfarandi: Ísland leikur við Portúgal, svo Holland 16. janúar og að lokum Ungverjaland 18. janúar. Tvö efstu liðin í hverjum riðli fara í milliriðil mótsins. **– hó**

Aron Pálmarsson, fyrirliði íslenska landsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Riðlarnir á EM

- **A-RIÐILL:** Slóvenía, Danmörk, Norður-Makedónía, Svartfjallaland.
- **B-RIÐILL:** Portúgal, Ungverjaland, Ísland, Holland.
- **C-RIÐILL:** Króatía, Serbía, Frakkland, Úkraína.
- **D-RIÐILL:** Þýskaland, Austurríki, Hvíta-Rússland, Pólland.
- **E-RIÐILL:** Spánn, Svíþjóð, Tékkland, Bosnía.
- **F-RIÐILL:** Noregur, Rússland, Slóvakía, Litháen.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 7. maí 2021

Eldgosið á Reykjanesskaga hefur dregið til sín mikinn fjölda gesta undanfarið en svæðið í kring er ekki síður áhugavert. MYND/ÞRÁINN KOLBEINSSON

Ævintýraleg afþreying og faldar náttúruperlur á Reykjanesi

Á Reykjanesi er að finna fjöldann allan af stórmerkilegum náttúruperlum í mikilli nálægð við höfuðborgarsvæðið. Meðal þeirrar afþreyingar sem er í boði má nefna lautarferð með fjölskyldunni, kajakferðir, veiði, ótal gönguleiðir eða jafnvel að snorkla í Kleifarvatni. 2

„Sérstaða Reykjaness felst ekki síst í því hvað það er aðgengilegt og stutt til okkar. Fólk áttar sig oft ekki á því að hér eru heimsklassaútivistarsvæði, fjöll, gönguleiðir og aðrar leyndar perlur," segir Eyþór Sæmundsson hjá Markaðsstofu Reykjaness.

Meiri tími fyrir upplifun

„Stundum er eins og fólki þyki of stutt að koma hingað í ferðalag frá höfuðborgarsvæðinu en þegar þú ferð í ferðalag þá er keyrslan eða ferðalagið oftar en ekki stór hluti af upplifuninni. Hjá okkur er hægt að spara ferðalagið og nota meiri tíma í upplifun."

Eyþór segir að með eldgosinu séu sífellt fleiri að kveikja á því hvað Reykjanesið sé frábært svæði til útivistar og ferðalaga.

„Það er eins og fólk hafi aðeins áttað sig á Reykjanesinu sem eins konar útivistarsvæði og áfangastað fyrir höfuðborgarsvæðið. Það hefur stundum verið smá áskorun að sýna fólki Reykjanes sem áfangastað, af því að þetta er svo stutt frá," útskýrir hann.

„Við höfum reynt að hvetja fólk til að staldra við og skoða í kringum sig en með tilkomu gossins er það að breytast. Núna eru fjölmargir búnir að keyra á svæðið og ef þau hafa til dæmis farið Krýsuvíkurleiðina þá hafa þau kannski séð ýmsar perlur eins og til dæmis Kleifarvatn þar sem nú verður boðið upp á snorkl yfir neðansjávar háhitasvæði, sem er ákaflega spennandi."

Afþreying fyrir alla

Eyþór segir Reykjanesið hafa upp á allt að bjóða. „Þú getur farið örstutt frá heimilinu og sparað löngu keyrsluna en er samt upplifað sveitasælu. Hér er hægt að skella sér á fjórhjól, kajak eða sjóstöng og hér eru golfvellir, sundlaugar og svæði fyrir reiðhjólafólk."

Á Reykjanesinu er einnig að finna gróin svæði sem eru tilvalin fyrir fjölskylduferðalög. „Það er fullkomið fyrir fjölskyldur að koma hingað og fara í lautarferð í Sólbrekkuskógi eða að Háabjalla. Það er lítið og skjólsælt svæði, eiginlega bara á leið að eldgosinu, þar eru rjóður með bekkjum og borðum, grill, göngusvæði og svo er Seltjörn og Snorrastaðatjarnir skammt frá," segir Eyþór.

„Við fjallið Þorbjörn er svo að finna Selskóg, sem er skógur Grindvíkinga og glæsilegt útivistarsvæði líka. Þetta eru að mörgu leyti faldar perlur."

Eyþór segir einnig vinsælt að fara á rúntinn, skoða jafnvel söfnin og fá sér ís eða jafnvel fara í langar gönguleiðir sem taki lengri tíma.

„Síðan er hægt að skreppa yfir nótt og gista á glæsilegum hótelum sem er að finna í hverju sveitarfélagi. Úti á Garðskaga er til dæmis hótel sem er ekki nema fimm mínútur frá flugvellinum en það er alveg eins og þú sért staddur í sveit við sjóinn. Fólk fattar þetta ekki alveg, það fer kannski oft Reykjanesbrautina en um leið og þú ferð inn á Reykjanesskagann þá fyrst uppgötvarðu hann."

Kynngimagnaður kraftur

Eyþór segir ótal leyndar náttúruperlur að finna á svæðinu. „Það kemur fólki svo oft á óvart hvað leynist hérna. Eins og Fagradalsfjall sem er hæsta fjallið á svæðinu og á ótrúlega ríka sögu í tengslum við flugslys í seinni heimsstyrjöldinni."

Þá nefnir hann einnig Kleifarvatn sem er stærsta vatn Reykjanesskagans. „Það er einhver kynngimagnaður kraftur yfir Kleifarvatni. Fólk beygir oft ekki að Kleifarvatni en ef þú ferð þá eru þar svartar strendur og magnað fjalllendi. Þar er Seltún háhitasvæðið sem er mikil perla, eins og Gunnuhver, heimsklassaháhitasvæði með öllum þessum litum, lyktinni og gufustrókum," segir Eyþór.

„Síðan er þarna fjallshryggurinn eða Sveifluhálsinn fyrir ofan sem fólk er náttúrulega búið að sjá endalaust núna á skýringarmyndum eða loftmyndum úr fréttunum. Öðruvísi sérðu þetta ekkert, ef þú ert ekki að labba þarna upp. Núna er þá bara spurning um að mæta og upplifa.

Gosið kirsuberið á kökunni

Eyþór segir að á sama tíma og gosið veki mikla athygli þá sé það í raun ekki síður enn ein staðfestingin á því hversu merkilegt svæðið er en Reykjanes nýtur þeirrar stórmerkilegu sérstöðu að vera einn af tveimur stöðum hér á landi sem hlotið hefur nafnbót frá Menningarmálastofnun Sameinuðu Þjóðanna, UNESCO.

„Reykjanes er UNESCO Global Geopark en þeir eru bara tveir hérna á landinu. Mið-Atlantshafshryggurinn gengur hér á land og er eini staðurinn í heiminum þar sem jarðflekarnir mætast, það er Brúin á milli heimsálfa. Hérna er jarðhitinn og hraunið og svo kemur eldgosið sem er kirsuberið á kökunni og undirstrikar allt varðandi jarðfræðina sem var nógu merkileg til að UNESCO gæfi okkur þennan stimpil," segir Eyþór.

„Þessi stimpill fæst með menningu og fræðslu til hliðsjónar af jarðfræðinni en ef jarðfræðin væri ekki svona einstök hérna þá hefði kannski ekki byggst upp þetta svæði og vegna hennar eru hérna góðar hafnir og búsetuskilyrði. Þetta tengist allt og við erum ákaflega stolt af þessu svæði og þessari viðurkenningu."

Sogin er litríkt og sérkennilegt háhitasvæði á Reykjanesi sem tilvalið er að heimsækja á góðum degi.

Kleifarvatn er vinsælt veiðivatn sem sagt er heimili stórfiska. Í vatninu er urriði og bleikja og tímabilið nær til 30. september.

Djúpavatn er ein af náttúruperlunum á Reykjanesi en umhverfið í kring er einstaklega fallegt og í vatninu er að finna bleikju. MYNDIR/ÞRÁINN KOLBEINSSON

Snorklað í kampavínsglasi

Bráðum verður hægt að snorkla í Kleifarvatni en það er stærsta vatnið á Reykjanesskaganum. Í Kleifarvatni eru neðanjarðarhverir og hefur upplifuninni verið lýst á þann veg að það sé eins og að snorkla í kampavínsglasi. Undir sandinum er jarðhiti en sagan segir að hægt sé að sjóða egg í sandinum. Það er fyrirtækið dive.is sem mun halda utan um þessa einstöku upplifun.

Það er ólýsanleg upplifun að snorkla í Kleifarvatni. MYND/DIVE.IS

Eyþór Sæmundsson hjá Markaðsstofu Reykjaness.

Háhitasvæðið Seltún er með fallegri stöðum á landinu.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Velkomin í eitt af **25** **undrum** veraldar

Þín bíður kyrrð og hvíld í nærandi jarðsjó Bláa Lónsins.

BLUE LAGOON
ICELAND

Hægt er að nýta Ferðagjöfina hjá okkur út maí, frítt er fyrir börn (2-14 ára).
Bókaðu heimsóknina á blaalonid.is.

Upplifunin á Látrabjargi stóð upp úr

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@torg.is

Ferðasumarið mikla er fram undan og margir eru byrjaðir að undirbúa hvert skal halda. Sumir eru meira að segja búnir að setja saman draumafríið. Kristín Stefánsdóttir, oftast kennd við NoName, sem er menntaður snyrti- og förðunarmeistari og rekur litla dekurverslun á Garðatorgi 4, NN Studio, elskar að ferðast og njóta með fjölskyldu sinni.

Kristín er gift Lárusi Ástvaldssyni jarðfræðingi og eiga þau saman tvo drengi og aðra tvo úr fyrra goti eins og Kristín segir sjálf. „Minn maður sem situr nú daglega og horfir með miklum áhuga á gosið í Fagradal enda mikill áhugamaður um náttúruundur veraldar eins og eldgos. Við hjónin elskum að ferðast bæði hérlendis og erlendis og gerum mikið af því að fara í stuttar helgarferðir og kynnast því flotta úrvali sem íslensk flóra hefur upp á að bjóða í gistingu og mat," segir Kristín og er full tilhlökkunar fyrir sumrinu.

Mjög skipulögð og planar sumarfríið langt fram í tímann

Kristín og fjölskyldan eru búin að ákveða hvernig þau ætlar að verja sumarfríinu í ár og er allt niðurneglt. „Það er planað eins og allt á þessu heimili. Við plönum sumarfríin ár fyrir fram, mætti halda að við værum dönsk, hugsum allt vel út og pöntum það sem þarf að panta til að allt sé klárt. Stundum förum við fyrirvaralaust og fylgjum þá veðrinu með tjaldvagninn og eltum sólina."

Hvert er förinni heitið í ár?

„Núna ætlum við að fara austur og sjá Stuðlagil sem við náðum ekki í fyrrasumar og vonum að allir Íslendingarnir séu búnir að fara, þannig að við verðum ein að skoða. Einnig ætlum við að fara á Borgarfjörð eystri og skoða lundabyggðina sem orðin er fræg um allan heim. Við ætlum að heilsa nokkrum lundum og bæta í lundamyndasafnið en í fyrra fórum við að Látrabjargi í geggjuðu veðri og horfðumst næstum því í augu við þessa fallegu fugla. Svo er annar staður sem okkur hefur lengi langað til að sjá áður en túristarnir

Kristín Stefánsdóttir hefur mikla ánægju af því að ferðast um landið og er búin að skipuleggja fríið í sumar innanlands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Við plönum sumarfríin ár fyrirfram, mætti halda að við værum dönsk, hugsum allt vel út og pöntum það sem þarf að panta til að allt sé klárt.

flykkjast inn í landið, en það er Kárahnjúkavirkjun og við stefnum á það."

Gaman að kynnast nýrri matarmenningu og öðruvísi stöðum

Hvað finnst ykkur skipta mestu máli að hafa til staðar þegar þið eruð að ferðast innanlands?

„Það sem við leitumst alltaf eftir er að upplifa og kynnast einhverju nýju hverju sinni, skoða nýja og áhugaverða staði sem skilja eftir sig minningar. Við höfum ferðast með sonum okkar frá unga aldri og enn eru þeir að ferðast með okkur, orðnir 16 og 18 ára gamlir, sem eru algjör forréttindi og við njótum á meðan er. Einnig finnst mér ekkert skemmtilegra en að fara á ólíka veitingastaði og kynnast nýrri matarmenningu og öðruvísi stöðum.

Ég leita gjarnan uppi svona lókal staði og kaffihús alls konar sem mörg hver eru svo kósí, menningarleg og hugmyndaflugið stórkostlegt hvað varðar innréttingar, matseðla og drykki."

Fjölskyldan á Látrabjargi í fyrrasumar. MYND/AÐSEND

Fuglalífið er fjölbreytt í Látrabjargi.

Brakandi blíða í Flókalundi

Kristín og fjölskyldan nutu þess að ferðast innanlands í fyrrasumar og eiga góðar minningar frá þeim ferðum. „Síðasta sumar tókum við Vestfirðina að hluta til og gistum í Flókalundi í brakandi blíðu og yfir 24 stiga hita og laus við allt lúsmý. Núna er staðan þannig að ég verð að velja vel staði miðað við lúsmýs-spár. Ég er ein af þeim sem bókstaflega eru étin lifandi ef ég lendi í bitmýi og forðast ég nú til dæmis staði eins og Laugarvatn og Suðurland á versta tímanum."

Að sögn Kristínar var ferðasumarið í fyrra alveg yndislegt í alla staði og henni fannst upplifunin á Látrabjargi standa upp úr. „Það var æðislegt að sjá Látrabjarg og fuglalífið þar, fengum svo gott veður og tókum góðan tíma í að skoða með næstum því enga túrista, nóg pláss til að taka myndir og njóta."

Er einhver staður sem þér finnst vera fallegasti staðurinn á landinu, sem heillar þig mest?

„Mér finnst svo margir staðir fallegir að ég get ekki nefnt einn stað sérstaklega, sé alltaf eitthvað nýtt og fallegt á hverjum stað og finnst síðasti staður alltaf sá flottasti þangað til við komum á þann næsta. Samt er einn staður sem mér finnst eins og póstkortastaður, það er Kirkjubæjarklaustur, svo gaman að ganga að Systrafossi og skoða en þar er til dæmis hæsta tré á Íslandi, yfir 27 metrar."

Jökulsárlón ævintýri líkast

Aðspurð segir Kristín að þau hafi verið dugleg að nýta sér tilboð sem voru á gistingu síðasta sumar og það hafi komið sér vel.

„Við vorum ein af mörgum sem nýttu sér tilboð Fosshótelanna og gistum á fjölmörgum hótelum yfir sumartímann. Það sem stóð hæst upp úr er tími okkar á Fosshóteli Jökulsárlóni sem er ævintýri líkast, staðsetningin, maturinn og hótelið sjálft, eitthvað sem við tölum um oft og munum vel eftir."

Heimsókn í Dalina fyrir alla

Á undanförnum árum hefur verið mikil uppbygging í ferðaþjónustu í Dalabyggð. Þar eru verðlaunaðir gististaðir, áhugaverðir veitingastaðir og afþreying fyrir unga sem aldna.

Jóhanna María Sigmundsdóttir, verkefnastjóri atvinnu-, markaðs- og ferðamála hjá Dalabyggð, segir að Dalabyggð sé fullkomin fyrir ferðalög þar sem ætlunin sé að njóta en ekki þjóta.

„Hægt er að ferðast inn dali og út með ströndum þar sem náttúran er ævintýri líkust og dýralíf fjölbreytt," segir hún.

Jóhanna María segir að þegar kemur að gistingu ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í Dalabyggð.

„Hérna er hægt að fá gistingu á gistiheimilum jafnt sem hótelum eða leigja hús eða sumarhús og svo eru nokkur tjaldsvæði í sveitarfélaginu. Allt hvað hentar og eftir því hvort fólk vill vera utan eða innan þéttbýlis," segir hún.

„Í Dalabyggð eru einnig verðlaunaðir gististaðir, hönnunin á Dröngum hlaut Hönnunarverðlaun Íslands 2020 og hönnun á Nýp hlaut AIA UK Design Awards

Jóhanna María við myndverk eftir Hallstein Sigurðsson til minningar um Sturlu Þórðarson lögmann og sagnaritara sem bjó í Dölunum. MYND/AÐSEND

> Hægt er að ferðast inn dali og út með ströndum þar sem náttúran er ævintýri líkust og dýralíf fjölbreytt.
>
> Jóhanna María Sigmundsdóttir

verðlaunin 2020 í flokki Small Project. Drangar eru á Skógarströnd en Nýp er á Skarðsströnd."

„Við erum landbúnaðarhérað og hérna er því mikið um gistingu í dreifbýlinu ásamt því að hægt er að heimsækja Rjómabúið að Erpsstöðum og kíkja í fjósið og kaupa sér ís og annað góðgæti. Þá er líka hægt að kíkja í dýragarðinn á Hólum til að komast í meiri snertingu við dýrin. Svo er vinsælt að skella sér í hestaferð með Dalahestum eða bara fá að eiga samverustund með hrossunum," segir Jóhanna María.

Matgæðingar þurfa ekki að örvænta á ferð um Dalabyggð að sögn Jóhönnu Maríu. Hvort sem þeir vilja nálgast vörur beint frá býli, meðal annars á Erpsstöðum, eða njóta veitinga hjá Dalahyttum eða sveitasetrinu Vogi. Þá verður enginn svikinn af heimsókn á Dalakot eða Veiðistaðinn í Búðardal.

Jóhanna María segir heimamenn vera duglega að nýta sér sundlaugina á Laugum. „Þar er hægt að eiga góðan dag með fjölskyldunni eða bara slaka á í pottunum eftir ferðalagið," segir hún.

Í Dölum er af nógu að taka fyrir söguþyrsta ferðamenn en þar eru söguslóðir Laxdæla sögu og hægt er að feta slóðir einstaka sögupersóna eins og Auðar djúpúðgu, Geirmundar heljarskinns eða Eiríks rauða.

„Heimsókn að Eiríksstöðum er ævintýri líkust þar sem hægt er að heyra sögur við eldstæðið og handleika vopn og aðra forna muni," segir Jóhanna María.

Síðasta sumar var Vínlandssetrið opnað í Búðardal. Þar er að sögn Jóhönnu Maríu einstaklega áhugaverð og metnaðargjörn sýning um landafundi Eiríks rauða og Leifs heppna á Grænlandi, í Kanada og Bandaríkjunum. Hægt er að fá sér létta hressingu fyrir eða eftir sýninguna á neðri hæðinni.

Komdu heim í Hafnarfjörð

Það verða **Bjartir dagar** í Hafnarfirði í allt sumar. Skemmtun, fjölbreytt verslun og þjónusta, kósí kaffihús, vinalegir veitingastaðir og ný ævintýri við hvert fótmál. Frítt fyrir börnin í sund og ókeypis aðgangur að söfnunum. Við tökum vel á móti þér!

hfj.is/bjartirdagar

Hafnarfjörður

Sveitahótel í faðmi fjalla, jökla og ævintýra

Landhótel í Landsveit er nýtt og glæsilegt hótel mitt í ævintýralandi Rangárþings. Þar er hægt að njóta þess besta sem landið gefur, dekurs og dásemda hótellífs, og einstakrar náttúruupplifunar allt um kring.

„Landhótel er fjögurra stjörnu, heillandi og glæsilega hannað sveitahótel með 69 herbergjum og í aðeins einnar stundar akstursfjarlægð frá Reykjavík," segir Dýrleif Guðmundsdóttir, markaðsstjóri Landhótels, sem stendur í ægifagurri Landsveitinni.

Þaðan er stutt í allar sunnlenskar áttir og dásemdin ein að njóta dekurs, góðs matar og hvíldar í faðmi hótelsins á milli þess sem náttúra og menningarverðmæti í nágrenninu og nærsveitum eru kannaðar í íslenska sumrinu.

„Landhótel tengir gesti sína við undur Íslands. Frá hótelinu er víðfeðmt og undurfagurt útsýni til fjalla og jökla. Þar trónir hæst og næst okkur eldfjallið heimsfræga og formfagra Hekla, Búrfell er nánast í bakgarðinum og bæði Eyjafjallajökull og Tindfjallajökull eru í návígi og gleðja augað og andann. Á góðum degi sést líka vel til Vestmannaeyja frá efstu hæð hótelsins og þegar norðurljósin æða yfir okkur er það stórfengleg upplifun því engin sjónmengun er í sveitasælunni á Landhóteli," segir Dýrleif.

Landhótel er í hjarta Suðurlands og tengir gesti við margar af fegurstu náttúruperlum landsins. MYNDIR/AÐSENDAR

Stórt og gott sánabað er á hótelinu.

Herbergin eru búin Marriot rúmum, lúxus sængurfatnaði, baði og sjónvarpi. Út um gluggann hér sést Hekla.

Friðsælt og fagurt sveitalíf

Það tilheyrir sveitakyrrð náttúrunnar að á Landhóteli heyrist ekkert nema niður náttúrunnar.

„Hótelið státar af fullkominni hljóðvist í öllum vistarverum og hvergi heyrist bergmál. Því geta gestir rætt saman án skarkala eða truflunar frá öðrum, eins og þegar notið er veitinga og afslöppunar í hlýlegum sölum hótelsins," upplýsir Dýrleif á glæsilegu Landhótelinu sem er byggt úr náttúrulegum efnivið.

„Herbergin eru stærri en gengur og gerist; standard herbergi eru frá 23 til 25 fermetrum upp í 30 fermetra fjölskylduherbergi. Öll eru þau búin vönduðum Marriot Standard-rúmum, lúxus-sængurfatnaði og stóru baðherbergi með sturtu. Gott sjónvarp er í öllum herbergjum sem og frítt Wi-Fi um allt hótelið," segir Dýrleif.

Fyrir utan dýrðarlíf á herbergjum Landhótels er hægt að njóta kvöldsólar og kokteila á fallegum hótelbarnum, fara í stórt og gott sánabað og gera vel við sig í mat og drykk á veitingastaðnum.

„Við tökum líka vel á móti ráðstefnugestum og erum með tvo glæsilega og vel útbúna fundarsali, einn fjórtán manna og hinn 60 manna. Þeir nýtast einnig fyrir veisluhald og þá er upplagt að njóta veitingastaðarins okkar líka."

Náttúruperlur við hvern fót

Matsalurinn á Landhóteli er stór, bjartur og með stórkostlegt útsýni yfir iðjagrænt og lifandi sveitalíf á bæjunum í kring, sem og eina fegurstu fjallasýn sem um getur.

„Gestir og gangandi geta komið til að njóta gómsætra og girnilegra rétta á veitingastaðnum okkar og dáðst um leið að stórfenglegri náttúrufegurð landsins. Við verslum öll aðföng úr nærsveitinni sem tryggir ferskan og góðan mat beint frá bónda."

Veitingasalurinn er bjartur með stórkostlegri fjalla- og jöklasýn.

Landhótel er sjálfkjörinn dvalarstaður fyrir fjölskyldur, pör og vinahópa sem vilja njóta íslensks sumars í námunda við angan af nýsleginni töðu og fuglasöng í íslenskri sveit á milli þess sem farið er á milli spennandi áfangastaða í nágrenninu.

„Frá hótelinu er tilvalið að fara í dagsferð í Landmannalaugar og fyrir þá sem ekki eru með bíl í slíka ferð stoppar rútan við Landhótel á leið sinni í Landmannalaugar og kemur svo með ferðafólk í gistingu hjá okkur yfir nóttina. Þá er stutt í Þjórsárdal og nú þegar nýja göngubrúin kemur yfir Þjórsá eykur það enn á fjölda fagurra og skemmtilegra gönguleiða. Mikil víðátta er í kringum hótelið, margar gönguleiðir, hjólaleiðir og aðeins spottakorn að fara upp á hálendið í allri sinni dýrð," upplýsir Dýrleif.

Rúsínan í pylsuendanum á Landhóteli eru glænýir heitir pottar sem senn koma á suðursvalir þess.

„Þá klárum við fljótlega norðurljósasvalirnar okkar sem verða lokaðar og upphitaðar, og einkar rómantískar og spennandi þegar haustar að og næsta vetur."

Landhótel stendur við Landveg í Landsveit. Sími 558 0550. Allar nánari upplýsingar á landhotel.is

hunavatnshreppur.is

HÚNA VATNS HREPPUR

SAGA NÁTTÚRA ÚTIVIST

Njótið útivistar, s.s. gönguferða, hestamennsku eða fuglaskoðunar í Húnavatnshreppi. Á svæðinu má finna sögusvið Vatnsdælasögu og Grettissögu. Þingeyrakirkja, fornt kirkju- og lærdómssetur er rómuð fyrir fegurð og fagra muni. Frægir eru þrístapar hluti af Vatnsdalshólunum, síðasti aftökustaður landsins. Þekktasti útlagi landsins, fjalla-Eyvindur gerði sér bústað á Hveravöllum. Í Húnavatnshreppi er úrval góðrar gistingar, s.s. tjaldstæði, bændagisting og góð sveitahótel.

VERIÐ VELKOMIN

Húnavatnshreppur



VEIÐI



SÖGUSTAÐIR

ÚTREIÐAR

HÁLENDIÐ

ÍSLANDS HÓTEL

TILBOÐ

5 nætur – 74.500 kr.

8 nætur – 108.000 kr.

Hægt er að bóka gistingu til 31. maí 2022

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

FOSSHOTEL

EINSTÖK TILBOÐ
HÓTELGISTING Í SUMAR

FERÐUMST INNANLANDS

Verð miðast við einn til tvo fullorðna í herbergi í **5 eða 8 nætur.**

Verð eru án morgunverðar.



TILBOÐIN GILDA Á EFTIRFARANDI HÓTELUM:

• Grand Hótel Reykjavík • Fosshótel Núpar • Fosshótel Jökulsárlón • Fosshótel Austfirðir
• Fosshótel Mývatn • Fosshótel Húsavík • Fosshótel Vestfirðir • Fosshótel Stykkishólmur • Fosshótel Reykholt

SJÁ NÁNAR Á ISLANDSHOTEL.IS/TILBOD

Fyrir frekari upplýsingar, vinsamlegast sendið okkur tölvupóst á **bokun@islandshotel.is**

Rangárþing eystra er útivistarparadís

Rangárþing eystra er sannkölluð útivistarparadís. Þar er hægt að stunda fjölbreytta útivist. Allt frá léttum fjölskyldugöngum til krefjandi jöklaferða.

Helgi Jóhannesson, lögmaður og göngugarpur með meiru, þekkir svæðið eins og lófann á sér enda hefur Fljótshlíðin verið hans annað heimili síðastliðin 20 ár. „Innan sveitarfélagsins eru glæsileg fjöll og jöklar, fallegir fossar, einstök fjara og náttúruperlan Þórsmörk svo eitthvað sé nefnt. Hér eru einnig fjölmargir fallegir viðkomustaðir sem hægt er að heimsækja á bílum, hjólum eða vélsleðum að vetri til," segir Helgi.

Hér gefur að líta göngugarpinn Helga Jóhannesson keikan uppi á toppi Stóra-Dímons með Markarfljótsaura í baksýn. MYND/AÐSEND

Þríhyrningur með fimm toppa

Að sögn Helga er fjallið Þríhyrningur í uppáhaldi hjá honum þegar kemur að styttri gönguferðum. „Fjallið stendur á milli Fljótshlíðar og Rangárvalla og sést víða að, enda er víðsýnt þaðan. Fjallið er 678 metra hátt. Hækkunin frá fjallsrótum upp á topp er um 500 metrar og tekur gangan upp um 1-1,5 tímar. Gangan er því svipuð að lengd og erfiðleikastigi og að ganga upp að Steini í Esju sem margir þekkja. Af fjallinu er mjög víðsýnt á góðum degi. Þar blasa við Eyjafjallajökull, Mýrdalsjökull, Tindfjallajökull, Hekla, Vestmannaeyjar og Landeyjarnar svo eitthvað sé nefnt.

Gaman er að lengja gönguna þegar upp er komið og ganga á alla tinda fjallsins en þeir eru í raun fimm þrátt fyrir nafn fjallsins. Reikna má með að slík hringganga taki um klukkutíma til viðbótar við áðurnefndan uppgöngutíma," segir Helgi.

Fjölbreyttar og frægar gönguleiðir

„Annað fjall eða fell sem vert er að nefna er Stóri-Dímon á Markarfljótsaurum og er mjög skemmtilegt og létt að ganga á það. Fjallið er ekki nema 178 metra hátt og því vel viðráðanlegt fyrir bæði börn og fullorðna. Greinilegur göngustígur er upp á fjallið og þaðan er víðsýnt yfir Markarfljótsaura, auk þess sem Mýrdalsjökull, Eyjafjallajökull, Tindfjöll og Þríhyrningur blasa þar við.

> **Gaman er að lengja gönguna þegar upp er komið og ganga á alla tinda fjallsins en þeir eru í raun fimm þrátt fyrir nafn fjallsins.**
>
> Helgi Jóhannesson

Af öðrum gönguleiðum í sveitarfélaginu má nefna hina einstöku leið yfir Fimmvörðuháls, það er frá Skógum yfir í Þórsmörk milli Mýrdalsjökuls og Eyjafjallajökuls. Leiðin er afar falleg, um 25 kílómetrar. löng og því hentug dagganga. Þá eru að sjálfsögðu góðar og fallegar gönguleiðir af ýmsu tagi í Þórsmörk sjálfri. Ekki má svo gleyma fjallaskíðamöguleikunum í Rangárþingi eystra en á Eyjafjallajökli og Tindfjallajökli eru frábærar aðstæður til fjallaskíðaiðkunar.

Þetta er allt einungis brotabrot af því sem Rangárþing eystra hefur upp á að bjóða í útivist og göngum," segir Helgi.

Ný ferðagjöf væntanleg

Nú fer hver að verða síðastur að nýta ferðagjöfina 2020 þar sem hún rennur út 31. maí næstkomandi. Stjórnvöld hafa ákveðið að gefa nýja ferðagjöf að upphæð krónur 5.000 á næstunni fyrir einstaklinga fædda árið 2003 og fyrr.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, mun leggja fram frumvarp um endurnýjun Ferðagjafar með gildistíma frá 1. júní 2021 til og með 31. ágúst 2021.

„Markmið ferðagjafar er að hvetja fólk til að ferðast vítt og breitt um landið, ásamt því að hvetja fyrirtæki innan ferðaþjónustunnar til þátttöku í verkefninu, með því að bjóða upp á fjölbreytt tilboð og tækifæri, líkt og síðasta sumar en átakið mælist vel fyrir og hafði jákvæð áhrif á fólk og fyrirtæki," segir Þórdís Kolbrún á vef Stjórnarráðsins.

Gjöfin er hluti aðgerða ríkisstjórnarinnar til að efla efnahagskerfið og draga úr þeim neikvæðum áhrifum sem kórónaveirufaraldurinn hefur haft í för með sér á atvinnulífið, þá sér í lagi íslenska ferðaþjónustu. Íslendingar létu ekki sitt eftir liggja á síðasta ári en frá gildistöku laganna í júní 2020 þar til í apríl 2021 höfðu tæplega 200 þúsund einstaklingar sótt Ferðagjöfina af þeim 280 þúsundum sem fengu hana útgefna. Þá hafa 812 fyrirtæki verið skráð til þátttöku. Með endurnýjun Ferðagjafar 2021 eru einstaklingar hvattir til að ferðast innanlands í sumar, rétt eins og síðastliðið sumar, eftir því sem aðstæður leyfa.





HOTEL KVERNA

- SKÓGUM -

Opnum 19. maí 2021

Fjölskylduvænt og ódýrt hótel
í gamla Héraðsskólanum að Skógum.

2. manna herbergi
með morgunmat 14.900 kr.

Höfum einnig 3. manna herbergi
og 2. herbergja íbúðir.

Heitur pottur og líkamsrækt.

Mjög góð aðstaða fyrir göngufólk
og gönguhópa.

Upplifðu Suðurland!

2. manna herbergi
m/morgunmat
14.900 kr.

Upplýsingar í síma: 454 0025 og 771 9020 - www.hotelkverna.is

Gott nesti í ferðalagið

Einn allra nauðsynlegasti þáttur góðs ferðalags er gott nesti, ekki síst þegar börn eru með í för. Það er lítið mál að útbúa ljúffengt nesti daginn fyrir brottför sem hentar vel í bílnum, í stuttri nestispásu eða þegar komið er á áfangastað, til dæmis upp í bústað. Hér eru nokkrar einfaldar uppskriftir sem ganga í flesta svanga maga.

Dásamlegar kjötbollur.

Skinkusalat er í miklu uppáhaldi hjá mörgum. Gott ofan á brauðið.

Kjúklingavefjur eru þægilegt nesti á ferðalaginu. MYNDIR/AÐSENDAR

Sérstaklega ljúffengt túnfisksalat.

Dásamlegar kjötbollur
Fyrir 20 bollur

Hráefni:
- ½ bolli brauðmylsna
- ¼ bolli mjólk
- 2 eggjarauður
- ½ bolli rifinn parmesanostur
- 1 msk. salt
- 1 tsk. svartur pipar
- 2 hvítlauksrif, söxuð smátt
- 500 g nautahakk
- 500 g grísahakk
- ½ bolli steinselja eða basilíka (eða blanda)
- Olía til steikingar

Setjið brauðmylsnu í stóra skál og hellið mjólkinni yfir. Bætið við eggjarauðum, ostinum, hvítlauknum og salti og pipar. Hrærið vel saman. Næst fer hakkið út í ásamt steinseljunni. Hrærið vel saman með sleif eða höndum. Notið skeið eða fingur til að móta kjötbollur. Uppskriftin gefur um 20 kjötbollur en einfalt er að tvöfalda eða þrefalda uppskriftina fyrir meira magn. Hægt er að steikja bollurnar á pönnu með olíu í um 15 mínútur eða setja í 200 gráðu heitan ofn í 10-15 mínútur.

Hægt er að dýfa kjötbollunum í alls kyns sósur, til dæmis pítsusósu, BBQ-sósu, chili-majónes og hvítlaukssósu.

Ljúffengar kjúklingavefjur
Fyrir fjórar vefjur

- 4 vefjur, stærsta gerð
- 2 kjúklingabringur
- 1 tsk. reykt paprika
- ¼ tsk. chili-duft
- ½ tsk. hvítlauksduft
- ½ tsk. salt
- ½ tsk. svartur pipar
- Olía til steikingar
- Ísbergsalat eða salatblanda að eigin vali
- 1 bolli mozzarellaostur eða annar ostur
- Hvítlaukssósa

Kryddið bringur með reyktu paprikunni, chili-dufti, hvítlauksdufti og salti og pipar. Steikið á pönnu eða grillið. Setjið bringur til hliðar og leyfið að hvíla í 5 mínútur. Skerið næst bringur í litla munnbita. Setjið salatið á miðja vefjuna þannig að það þeki góðan hluta hennar. Stráið næst kjúklingabitum yfir, svo osti og að lokum sósunni. Brjótið hægri og vinstri hlið vefjunnar aðeins inn og lokið síðan með því að taka neðri hluta hennar og rúlla henni upp. Næst er vefjan grilluð stutta stund í samlokugrilli til að bræða ostinn og fá stökka húð. Einnig má steikja hana stutta stund á pönnu.

Að lokum er hún skorin til helminga. Þessar vefjur má auðvitað útfæra á ólíkan máta með öðru grænmeti á borð við tómata, gúrkur og rauðlauk, nota má aðrar sósur, til dæmis salsasósur og einnig er gott að setja Doritos-flögur á milli.

Besta samlokan

- 2 dósir af túnfiski í vatni (hellið vatninu af)
- 2 sellerístilkar, skornir smátt
- 2 msk. smátt saxaður rauðlaukur
- ⅓ bolli grísk jógúrt
- 2 msk. sítrónusafi
- 1 msk. Dijonsinnep
- ¼ tsk. salt
- ¼ tsk. svartur pipar
- 1 msk. söxuðu steinselja

»Svengdin gerir oft vart við sig á ferðalögum og þá er gott að grípa í eitthvað ljúffengt, gott og handhægt.

Blandið vel saman í stóra skál jógúrtinni, sítrónusafanum, sinnepinu, salti, pipar og steinselju. Bætið næst túnfiski út í ásamt selleríinu og rauðlauknum. Blandið saman.

Notið nýtt og gott brauð til að búa til samloku. Einnig er gott að setja salat á milli, til dæmis Lambhagasalat eða góða salatblöndu.

Skinkusalat á kexið

- 3 bollar af góðri skinku, skorin í litla bita
- ½ bolli sellerí, smátt skorið
- ¼ rauðlaukur, smátt skorinn
- 1 msk. Dijonsinnep
- ¾ bolli majónes
- 2 msk. sweet pickle relish
- 1 msk. söxuð steinselja
- Smá svartur pipar

Saxið skinkuna í litla bita og setjið í stóra skál og bætið við selleríinu, rauðlauknum, sinnepinu, majónesinu, relish-inu, pipar og steinselju. Hrærið varlega saman. Þetta salat er frábært á kex, hrökkbrauð eða bara gott brauð.

Fjölskylduævintýri í hverjum kima

Margrét Jóna Ísólfsdóttir, býflugnabóndi með meiru, hefur búið í Rangárþingi eystra í átta ár og þekkir svo að segja hvern krók og kima í bæjarfélaginu.

Margrét er uppalin á Hvolsvelli en bjó um árabil í Reykjavík. „Fyrir átta árum flutti ég aftur á Hvolsvöll með manninum mínum og dóttur. Þá var ég ólétt að yngri dóttur okkar. Við fundum strax hve mikil lífsgæði eru fólgin í því að búa í Rangárþingi eystra. Fjölskylduvænt, frábærir skólar, gott mannlíf, stutt í allt og stórbrotin náttúra í bakgarðinum. Eftir þrjú ár á Hvolsvelli byggðum við hús í Fljótshlíðinni og færðum okkur enn nær náttúrunni," segir Margrét.

Ævintýraskógur

Fjölskyldan er dugleg að skoða sig um, finna leynistaði og eiga saman fjölskyldustundir í sumarylnum. „Við eigum tvær stelpur, 8 og 12 ára, og úr Fljótshlíðinni er stutt í alls konar heillandi staði. Við heimsækjum ósjaldan Tumastaði og höldum í Tunguskóg. Þar er ævintýraveröld fyrir börn, stór og há grenitré, ótal göngustígar og leynistaðir með leiktækjum, náttúrulegri viðarhörpu og notalegum lundum. Þá er tilvalið að safna eldiviði á göngunni þar sem í skógarjaðrinum er eldstæði sem má nota til að elda kvöldmatinn."

Fjölskyldan hefur gaman af því að leita ævintýra í Tunguskógi og setjast svo niður að kvöldverði hjá eldstæðinu við jaðar skógarins. MYND/AÐSEND.

»Ef þú ert heppinn gætir þú gengið fram á gamlar gúmmítúttur eða flöskuskeyti. Það þarf þó að passa sig og börnin á briminu sem getur verið hættulegt.

Margrét Jóna

Fullkominn fjölskyldudagur

„Fullkominn laugardagur myndi hefjast á dýrindis kaffibolla á heimakaffihúsinu mínu. Þá myndum við fjölskyldan halda í Múlakot og ganga um gamla skrúðgarðinn. Þar var snemma á 19. öld rekið veitingahús og síðar hótel enda lá gamla þjóðleiðin þar um. Næst lægi leiðin yfir í Landeyjar en miðja vegu milli Landeyja og Fljótshlíðar er fjallið Stóri-Dímon. Það væri tilvalið að stoppa þar og ganga upp. Fjallið er eitt af uppáhalds fjöllunum mínum og hentar vel til að æfa börn í fjallgöngu. Að lokum myndum við leggja leið okkar í Landeyjafjöru. Þar er dásamlegur svartur og hlýr sandur og Vestmannaeyjar eru ótrúlega nálægt. Fjaran geymir endalausa leyndardóma og fjársjóði fyrir börnin eins og steina og kuðunga en reyndar alls konar drasl líka sem sjórinn hefur skilað af sér. Ef þú ert heppinn gætir þú gengið fram á gamlar gúmmítúttur eða flöskuskeyti. Það þarf þó að passa sig og börnin á briminu sem getur verið hættulegt.

Okkur þykir líka ógurlega gaman að þvælast um hin ýmsu gil víða um sveitarfélagið og eitt það flottasta er Nauthúsagil. Ef gil sem á að skoða virðist tilheyra bóndabæ er um að gera að fletta viðkomandi upp og biðja um leyfi til að ganga gilið. Af öllum þessum fjölmörgu stöðum er þó einn í sérstöku uppáhaldi; Húsadalur í Þórsmörk. Þar er einstök orka, óteljandi gönguleiðir, hellar og endalausir möguleikar til útivistar."

FERÐASTU UM ALLT ÍSLAND

PLUG INTO MORE
ADVENTURE

THE 2021 WRANGLER 4xe

GOÐSÖGNIN RAFMÖGNUÐ

ALVÖRU JEEPI MEÐ 100% DRIFLÆSINGUM Á VERÐI SEM Á SÉR ENGAN SAMANBURÐ OG NÚ 374HÖ/637NM

NÝR WRANGLER RUBICON 4xe PLUG-IN-HYBRID

VERÐ FRÁ KR. 9.490.000
LAUNCH EDITION KR. 10.490.000

35"-40" ÍSBAND BREYTINGAPAKKAR Í BOÐI FRÁ KR. 300.000
TRYGGIÐ YKKUR BÍL Í FORSÖLU.

Jeep 4xe

RAFMAGNAÐ ÆVINTÝRI MEÐ ALVÖRU 4X4

Einu rafknúnu Plug-In Hybrid jepparnir í sínum stærðarflokki með lágt drif.
Ótrúlegt verð á bílum hlöðnum lúxusbúnaði.

GERIÐ VERÐSAMANBURÐ

JEEP RENEGADE PLUG-IN HYBRID
VERÐ 5.499.000 KR.*

JEEP COMPASS PLUG-IN HYBRID
VERÐ 5.999.000 KR.*

*Gildir meðan birgðir endast, hvítur Renegade, svartur Compass Limited.

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300WWW •.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Nýr Mitsubishi Outlander Hybrid Instyle Leður og rúskin á sætum. 18" álfelgur. 5 ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Litir: Svartur og Hvítur. Langt undir listaverði á 5.280.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja

PROSTONE
» Jarðvinna
» Drenlagnir
» Hellulagnir
» Þökulagnir
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

Málarar

REGNBOGALITIR.IS
Málningarþjónusta. Málum hverskonar mannvirki innan sem utan. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Nánari upplýsingar 891 9890 eða malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Gef tilboð í búslóðaflutninga í öllum stærðum. Áratuga-reynsla. Guðmundur. 864-7896

Húsaviðhald

FLOTUN
Tek af mér að flota gólf og fl.

Tímavinna eða tilboð.
Upplýsingar í síma: 777-2242

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

PROSTONE
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

STARFSMENN
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma
PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
551 5000
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Til leigu eða sölu 50 m2 bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús. S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Hljómborð á tilboði
Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Heilsa

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI GARÐABÆJAR 2016-2030 OG BREYTING Á DEILISKIPULAGI HRAUNSHOLTS VESTRA (ÁSAHVERFI) VEGNA BREKKUÁSS.

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 samkvæmt 1.mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 36. gr. og breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfi) samkvæmt 1. mgr. 31. gr., sbr. 1. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

- **Aðalskipulag Garðbæjar 2016-2030, breyting, Brekkuás**
  Tillagan gerir ráð fyrir því að landnotkunareitur 2.06 S Brekkuás breytist í 2.06 Íb sem er breyting úr svæði fyrir samfélagsþjónustu í svæði fyrir íbúðarbyggð.

- **Deiliskipulag Hraunsholts vestra (Ásahverfi), breyting, Brekkuás 2**
  Breytingin nær til lóðarinnar Brekkuás 2 sem breytist úr lóð fyrir samfélagsþjónustu í lóð fyrir íbúðarbyggð. Gert er ráð fyrir að á lóðinni verði búsetukjarni fyrir fatlað fólk og leiksvæði. Einnar hæðar fjölbýlishús með 6-7 íbúðum ásamt aðstöðu fyrir starfsfólk og ýmis sameiginleg rými. Á lóðinni skulu vera a.m.k. 11 bílastæði.

Tillagan er aðgengileg á vef Garðabæjar, **www.gardabaer.is**, og í þjónustuveri Garðabæjar, Garðatorgi 7. Tillagan er í auglýsingu frá 7. maí 2021 til og með 18. júní 2021. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar athugasemdir við breytingartillögurnar til og með 18. júní 2021 annað hvort á netfangið **skipulag@gardabaer.is** eða á bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.

GARÐABÆR
gardabaer.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

Aðalfundur Búseta hsf.

Aðalfundur Búseta hsf. verður haldinn fimmtudaginn 27. maí nk. á Grand Hótel, Sigtúni 38, kl. 17:00. Vegna gildandi viðmiða samkomubanns þurfa félagsmenn sem hyggjast mæta á fundinn að skrá sig á vef Búseta www.buseti.is.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins
2. Önnur mál

Stjórnin

BÚSETI

Deiliskipulagsbreyting

Haukasvæði, Ásvellir 1

Á fundi bæjarstjórnar þann 24. apríl. 2021 var samþykkt að endurauglýsa breytingar á deiliskipulagi Haukasvæðis við Ásvelli 1 í Hafnarfirði í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða breytingar á áður auglýstri tillögu frá **11.11.-23.12.2019**. Jafnframt er umhverfisskýrsla auglýst. Í auglýstri tillögu frá 2019 er: skilgreind ný lóð undir íbúðabyggð vestan megin við íþróttamiðstöð. Gert er ráð fyrir 100 – 110 íbúðum eða um 10.000m² byggingarmagni á lóðinni. Hæð húsa verði 2 – 5 hæðir. Bílakjallari verði undir byggingunum fyrir 90 bílastæði og ofanjarðar verður gert ráð fyrir 60 bílastæðum.

Fjölnota knatthús sem fyrirhugað var að byggja sunnan við gervigrasvöll verður nú staðsett nyrst á lóðinni. Hæð þess verður 25m yfir miðju vallar en 12m í hliðum. Grunnflötur byggingarreits er 13.050m² og verður stærð húss 9.900m² nettó. Samtengt knatthúsinu verður 900m² þjónustubygging innan sama byggingarreits. Mænishæð þjónustubyggingar verður 5m. Gert er ráð fyrir um 230 nýjum bílastæðum vestan og norðan megin við knatthús. Að öðru leyti gilda eldri skimálar deiliskipulagsins.

Þær breytingar sem gerðar eru á áður auglýstu deiliskipulagi eru eftirfarandi:

- Mörk friðlands Ástjarnar færð inn á uppdrátt
- Byggingareit fjölnota knatthúss breytt
- Byggingarreitir íbúðahúsa skýrðir og byggingareit kjallara bætt inn
- Stærðartöflu bætt inn
- Greinargerð lagfærð
- Viðbótar skýringamynd bætt inn á skýringaruppdrátt
- Aðkoma bíla að knatthúsi lagfærð
- Lóðamörk svæðisins skilgreind
- Æfingavelli miðsvæðis snúið
- Staðsetning fornleifa leiðrétt
- Borholur færðar inn
- Stígar innan lóðar lagfærðir
- Umfang varðveittra hraungarða aukið.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhellu 2, frá 07.05- 21.06.2021. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna og umhverfisskýrslu á **hfj.is/skipulag**

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögunar. Skal þeim skilað **skipulag@hafnarfjordur.is** eigi síðar en **21.06 2021** eða skriflega í þjónustuver:

Hafnarfjörður
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

hafnarfjordur.is

Hafnarfjörður

Ceferin, forseti UEFA, er með refisvöndinn á lofti. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Viðræður milli UEFA og stærstu félaga Evrópu

FÓTBOLTI Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, hyggst refsa þeim félögum harðlega sem halda til streitu áformum um að stofna Ofurdeild Evrópu.

Þannig verði þeim meinuð þátttaka frá Meistaradeild Evrópu og Evrópudeildinni í tvær leiktíðir ef þau gerast stofnaðilar að Ofurdeildinni.

Það er ESPN sem greinir frá þessu en samkvæmt frétt fjölmiðilsins hefur UEFA samið við Arsenal, Atletico Madrid, Chelsea, Liverpool, Manchester City, Manchester United og Tottenham Hotspur um að fyrrgreind sjö félög verði ekki með í annarri tilraun að stofnun Ofurdeildar gegn því að verða ekki refsað.

Þá gangi samningaviðræður við forráðamenn Inter Milan vel en kollegar þeirra hjá AC Milan, Barcelona, Juventus og Real Madrid eru hins vegar tregari í taumi og gæti því verið refsað af UEFA. – hó

Ed Sheeran hefur ákveðið að fylgja fordæmi Kaleo

ENSKI BOLTINN Enski tónlistarmaðurinn Ed Sheeran var í gær kynntur til leiks sem nýr styrktaraðili knattspyrnufélagsins Ipswich Town.

Sheeran býr í Suffolk en hann hefur stutt Ipswich Town frá barnæsku og vildi nú sýna stuðning sinn í verki.

Framan á búningum karla- og kvennaliða félagsins verða merkin +, x og ÷ - en það eru heitin á fyrstu þremur plötum Sheeran og svo nafnið á næsta tónleikatúr söngvarans.

„Fótboltafélagið er stór hluti af bæjarfélaginu þar sem ég bý og þetta er mín leið til þess að leggja mitt af mörkum til félagsins.

Ég hef ávallt notið þess að heimsækja Portman Road og er mjög spenntur að mæta aftur á leiki

Ed Sheeran, stórsöngvari og Íslandsvinur, í stúkunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

